



# Lindarhvoll ehf.

**Framkvæmd samnings við umsýslu, fullnustu og sölu á stöðugleikaeignum**

Ríkisendurskoðun





# Aðfararorð

Þessi skýrsla er unnin á grundvelli laga nr. 24/2016, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001. Í inngangi skýrslunnar er gerð nánari grein fyrir forsendum og afmörkun úttektarinnar. Að öðru leyti er uppbygging skýrslunnar með þeim hætti að fyrst eru settar fram lykiltölur um starfsemi Lindarhvols ehf. Því næst eru niðurstöður úttektarinnar kynntar og umsagnir og viðbrögð áður en meginmál skýrslunnar er sett fram.

# Efnisyfirlit

<b>Lykiltölur</b> .....	<b>4</b>
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>5</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>9</b>
<b>Umsagnir og viðbrögð</b> .....	<b>12</b>
<b>1. Aðdragandi að stofnun Lindarhvals ehf.</b> .....	<b>13</b>
1.1 Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands .....	14
1.1.1 Bókfært virði stöðugleikaeigna.....	16
<b>2. Lindarhvoll ehf.</b> .....	<b>18</b>
2.1 Áherslur í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf.....	20
2.2 Stjórnarfundir .....	21
2.3 Stjórnarhættir Lindarhvals ehf. ....	22
2.4 Bókhald Lindarhvals ehf. ....	24
2.5 Endurskoðun ársreikninga Lindarhvals ehf. ....	24
<b>3. Umsýsla, fullnusta og sala stöðugleikaeigna</b> .....	<b>26</b>
3.1 Bókfært virði stöðugleikaframlagseigna í umsýslu Lindarhvals ehf.....	26
3.2 Nokkur atriði til skoðunar .....	27
3.3 Varasjóðir, fjársópseignir og rekstrarsjóðir.....	29
3.4 Staða stöðugleikaeigna við lok starfsemi Lindarhvals ehf.....	30
<b>4. Sérstakar athuganir</b> .....	<b>33</b>
4.1 Inngangur .....	33
4.2 Sala eignarhluta í Klakka ehf.....	33
4.2.1 Um Klakka ehf. ....	34
4.2.2 Söluferli á eignarhluta í Klakka ehf.....	34
4.2.3 Kvörtun eins bjóðanda vegna söluferlisins.....	36
4.2.4 Kvörtun A ehf.....	37
4.2.5 Mat setts ríkisendurskoðanda <i>ad hoc</i> á söluvirði Klakka ehf.....	37
4.3 Niðurstöður Ríkisendurskoðunar varðandi Klakka ehf.....	38
4.3.1 Söluferlið .....	38
4.3.2 Söluverðmæti .....	38

# Lykiltölur



# Niðurstöður

## 1. Aðferð til fullnustu á fjármunum úr stöðugleikaframlagi og stofnun Lindarhvols ehf.

Með setningu laga um stöðugleikaskatt nr. 60/2015 og laga nr. 59/2015<sup>1</sup> um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum, var slitabúum fallinna fjármálafyrirtækja heimilað að greiða stöðugleikaframlag í stað stöðugleikaskatts. Markmið þessara breytinga var að gæta að greiðslujöfnuði og tryggja þannig stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálastöðugleika. Hér var ekki um að ræða tekjuöflunarleið af hálfu stjórnvalda, þó svo að hún hafi skilað ríkissjóði umtalsverðum tekjum, heldur áttu aðgerðirnar að tryggja og gæta að greiðslujöfnuði.

Einkahlutafélagið Lindarhvoll var stofnað hinn 15. apríl 2016 á grundvelli breytinga sem Alþingi samþykkti með 1. gr. laga nr. 24/2016 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum, en þær tóku gildi hinn 5. apríl 2016.

## 2. Starfsemi Lindarhvols ehf.

Hinn 29. apríl 2016 undirrituðu fjármála- og efnahagsráðherra og tveir stjórnarmenn Lindarhvols ehf. samning um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna sem Seðlabanki Íslands tók á móti í tengslum við gerð nauðasamninga og gildi samningurinn til 31. desember 2018. Samkvæmt samningnum skyldi Lindarhvoll ehf. annast umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna í umboði ríkissjóðs. Í samningnum kemur fram að ríkissjóður Íslands hafi skipað félaginu þriggja manna stjórn. Ríkissjóður lagði á það áherslu í samningi Lindarhvols ehf. við fjármála- og efnahagsráðherra að hámarka verðmæti eigna í umsjá félagsins á sem skemmstum tíma með sem minnstum tilkostnaði.

Lindarhvoll ehf. setti sér viðamiklar reglur um starfsemi sína sem og metnaðarfull markmið um ráðstöfun eigna á starfstíma sínum. Að mati Ríkisendurskoðunar voru reglurnar skýrar og starfsemi Lindarhvols ehf. í samræmi við sett markmið. Á starfstíma Lindarhvols ehf. tókst að uppfylla framangreind markmið um hámarksverðmætis eigna á sem skemmstum tíma. Þá var öllu lausu fé sem barst vegna umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaefna ráðstafað inn á stöðugleikareikning í eigu ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun hafði til athugunar hvort frekar hefði átt að fela Seðlabanka Íslands eða annarri stofnun í eigu ríkisins að fara með sölu eignanna heldur en að stofna sérstakt einkahlutafélag um ráðstöfun þeirra. Niðurstaða þeirrar athugunar var að ekkert hefði komið fram sem benti til þess að annar háttur hefði orðið skilvirkari.

Lindarhvoll ehf. skilaði góðri niðurstöðu hvað varðar innlausn á eignum úr stöðugleikaframlagi en áætlað virði stöðugleikaframlagseigna á starfstíma félagsins jókst um 75,9 ma.kr. Þá var kostnaði við umsýslu eignanna haldið í lágmarki. Almennt fékkst viðunandi verð fyrir eignir sem

---

<sup>1</sup> Ákvæði 5. gr. laga nr. 59/2015 bætti við fjórum nýjum málsliðum við ákvæði til bráðabirgða III í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, sem kváðu á um að Seðlabankanum væri heimilt að taka á móti fjárhagslegum verðmætum til að tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum.

félagið seldi og ekki voru gerðar athugasemdir við starfsemi félagsins af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytis. Í stuttu máli má segja að hugmyndafræðin að baki þessu fyrirkomulagi, þótt óvenjulegt hafi verið, hafi gengið upp.

### **3. Skammur starfstími Lindarhvols ehf.**

Starfsemi var í Lindarhvoli ehf. fram á árið 2018 en henni lauk með uppsögn samningsins við fjármála- og efnahagsráðherra hinn 7. febrúar 2018. Félaginu hefur þó ekki verið formlega slitið þegar skýrsla þessi er rituð. Mesta starfsemin í félaginu var frá vori 2016 til ársloka 2017. Á því tímabili voru langflestar eignir í umsjá félagsins seldar.

Mikill hraði einkenndi rekstur félagsins, enda áhersla lögð á það bæði í lögum nr. 24/2016 og tilvitnuðum samningi, og var mikill fjöldi eigna innleystur á tiltölulega skömmum tíma. Er það mat Ríkisendurskoðunar að hugsanlega hefðu tekjur af innlausn stöðugleikaframlagseigna orðið meiri ef hraði við sölu þeirra hefði verið minni, en samningur félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra gerði ráð fyrir stuttum starfstíma. Beinist sú athugasemd Ríkisendurskoðunar fyrst og fremst að löggjöfinni sem ákvarðaði starfstíma félagsins jafn skamman og raun varð á. Í þessu samhengi verður þó að hafa í huga að þeir fjármunir sem fengust vegna sölu stöðugleikaframlagseigna voru m.a. nýttir til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Þannig varð vaxtakostnaður íslenska ríkisins lægri en ella hefði orðið og þá hafði ör niðurgreiðsla lána í för með sér að láns hæfismat ríkisins hækkaði.

Ef meta á hvort mögulegt hafi verið að selja tiltekna stöðugleikaeignir á hærra verði en raun varð með því að lengja þann tíma sem Lindarhvoli ehf. var ætlaður til að koma umræddum eignum í verð þyrfti að veða á móti þann vaxtakostnað sem íslenska ríkið sparaði við örari niðurgreiðslu lána og hagræðis af hækkuðu láns hæfismati íslenska ríkisins. Ljóst er að erfitt eða ómögulegt er að reikna út hvað hækkað láns hæfismat hefur skilað í krónum talið og þá er jafnframt erfitt að ætla að meta á hvaða tímapunkti hefði verið rétt að selja ákveðnar eignir. Ríkisendurskoðun hefur því í úttekt þessari ekki lagt mat á hvort mögulegt hafi verið að fá hærra verð fyrir einstakar stöðugleikaeignir ef þær hefðu verið seldar á öðrum tíma, en í samningi Lindarhvols ehf. við fjármála- og efnahagsráðherra voru fyrirmæli um að félaginu yrði gert að flýta sölu eigna.

### **4. Stjórn félagsins og kaup á þjónustu af Íslögum ehf.**

Stjórn félagsins var skipuð þremur stjórnarmönnum. Voru þeir skipaðir á grundvelli sérþekkingar sinnar, sbr. hæfisskilyrði í lögum nr. 24/2016. Stjórnin setti sér ítarlegar og skýrar starfsreglur, m.a. um stjórnskipulag félagsins, umsýslu, fullnustu og sölu eigna og siðareglur.

Stjórn Lindarhvols ehf. hafði heimild til þess að ráða framkvæmdastjóra en bar þó ekki skylda til þess. Stjórnin fór sjálf með framkvæmdastjórn í félaginu enda starfsemi þess að mörgu leyti sérstök. Þannig var ekki um eiginlegan daglegan rekstur að ræða sem kallaði á framkvæmdastjóra heldur fólst starfsemi félagsins í að ljúka ákveðnum verkefnum, þ.e. selja þær stöðugleikaframlagseignir sem félaginu var falið að koma í verð. Formlegir stjórnarfundir voru alls 41 en tölvupóstar og önnur gögn sýna að stjórnin starfaði mikið á milli formlegra funda.

Stjórnarlaun voru ákveðin 450 þús.kr. á mánuði fyrir stjórnarformann og 300 þús.kr. fyrir aðra stjórnarmenn. Að beiðni stjórnar Lindarhvals ehf. voru stjórnarlaun lækkuð um helming með ákvörðun eina hluthafa félagsins hinn 2. október 2017 í ljósi minnkandi umsvifa félagsins.

Lögfræðipjónusta var aðkeypt frá fyrirtækinu Íslögum ehf. Forráðamaður félagsins, sem er lögmaður, var jafnframt skráður prókúruhafi Lindarhvals ehf.

Ríkisendurskoðun kannaði hvort bjóða hefði átt út þá þjónustu sem Íslög ehf. annaðist, einkum í ljósi þess kostnaðar sem hún hafði í för með sér fyrir félagið en heildarkostnaður á starfstíma þess nam 80 m.kr. (án vsk). Inni í þessari fjárhæð er jafnframt útlagður kostnaður Íslaga ehf. vegna starfa lögmannsstofunnar fyrir Lindarhvol ehf.

Stjórn Lindarhvals ehf. færði rök fyrir því að persónuleg þekking lögmannsins og reynsla hans hafi valdið því að samningur var gerður við Íslög ehf. Sú þekking og reynsla auk þess skamma starfstíma sem félaginu var skammtaður hafi verið ástæða þess að gerður var samningur við Íslög ehf. Stjórnin taldi eftirsóknarvert að njóta starfskrafta lögmannsins enda hefði hann búið yfir yfirburða þekkingu á sviðinu eftir að hafa haft umsjón með gerð stöðugleikasamninga fyrir hönd Seðlabanka Íslands við öll slitabúin og þannig haft umsjón með móttöku og daglegum rekstri þessara eigna. Var það mat stjórnar að útilokað hefði verið að ná fram markmiðum í samningi við fjármála- og efnahagsráðherra um að hámarka endurheimtur jafn hratt og raun varð á og lágmarka kostnað ef farið hefði verið í útboð, enda hefði slíkt reynst tímafrekt og óvíst með öllu, að mati stjórnar félagsins, að sama þekking á stöðugleikaframlagseignum hefði náðst fram innan þeirra tímamarka sem stjórn félagsins hafði til ráðstöfunar.

Ríkisendurskoðun hefur kannað lagareglur sem þarna eiga við og telur að eins og á stóð, megi fallast á þau sjónarmið sem stjórn Lindarhvals ehf. hefur sett fram vegna þessa fyrirkomulags.

Ríkisendurskoðun kannaði jafnframt hvort samið hefði verið um afslátt á tímagjaldi Íslaga ehf. í ljósi þess umfangs sem samningurinn fól í sér og var upplýst að verulegur afsláttur var veittur frá tímagjaldi lögfræðistofunnar.

Í þessu ljósi gerir Ríkisendurskoðun hvorki athugasemdir við stjórnun félagsins né aðkeypta lögfræðipjónustu af lögmannsstofunni Íslögum ehf.

## **5. Söluverðmæti hlutafjár og nauðasamningskraftna Klakka ehf.**

Ríkisendurskoðun fór yfir hvernig söluferli á eignum var háttað hjá Lindarhvoli ehf. og hvort kvartanir hafi borist vegna þeirra. Gerðar hafa verið athugasemdir við eina eignasölu, en það er sala á eignarhlut og nauðasamningskröfum Klakka ehf. Af þessum sökum hefur Ríkisendurskoðun kannað sérstaklega umrædda eignasölu.

Hlutafé og nauðasamningskröfur Klakka ehf. voru settar í opið söluferli á þann hátt að senda skyldi tilboð í tölvupóstfang í samræmi við útboðsgögn. Bárust þannig þrjú tilboð og var hæsta tilboði sem barst tekið. Sama aðferð var viðhöfð við sölu annarra eigna í umsjá Lindarhvals ehf. í langflestum tilvikum. Stjórnarmenn undirbjuggu söluna á Klakka ehf. í nánú samráði við ráðgjafa félagsins, leituðu tilboða, mátu framkomin tilboð og samþykktu hagstæðasta tilboðið sem barst.

Ríkisendurskoðun kannaði gögn málsins sem leiddu í ljós að eðlilega virðist hafa verið að sölunni staðið. Ekki verður annað séð en að framkvæmd útboðsins hafi verið í samræmi við það sem almennt tíðkaðist við framkvæmd útboða sem þessara. Þá gerðu bjóðendur engar formlegar athugasemdir við framkvæmd útboðsins áður en útboðsfrestur rann út. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur stjórn Lindarhvals ehf. svarað gagnrýni sem fram kom eftir að útboðsfrestur rann út með fullnægjandi hætti.

Eitt af því sem settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* skoðaði var hvort söluandvirðið sem fékkst fyrir hlutafjár- og nauðasamningskröfur Klakka ehf. hafi verið of lágt. Stjórn Lindarhvals ehf. setti sér það viðmið við sölu eignanna að söluverð þeirra myndi a.m.k. nema yfirtökuverði þeirra. Með því að óska eftir tilboðum í þessa eign taldi stjórnin sig vera að hámarka söluverðmæti hennar. Hæsta tilboð sem barst Lindarhvoli ehf. í hlutafé og nauðasamningskröfur Klakka ehf. nam 505 m.kr. sem er tæpum 200 m.kr. hærra en yfirtökuverð eignarinnar eins og það var við yfurfærslu til ríkissjóðs.

Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að eignin var seld hæstbjóðanda í opnu söluferli, lögum samkvæmt og á grundvelli samnings Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðherra sem og þeirra reglna sem stjórn félagsins hafði sett. Ríkisendurskoðun spurðist fyrir um hvort til greina hefði komið að fá óháð fjármálafyrirtæki til að annast söluna en stjórn Lindarhvals ehf. benti á að félaginu hefði verið ætlað að annast allar sölur sjálft, nema um væri að ræða eignir sem væru á markaði. Í þeim tilvikum var leitað til fjármálafyrirtækja um að annast söluferlið. Þá var það undantekning að leita til Ríkiskaupa. Að fengnum skýringum stjórnar Lindarhvals ehf. og athugun á gögnum félagsins eru að þessu sögðu, hvorki gerðar athugasemdir við söluaðferðina né söluverð eignarinnar. Er þá tekið tillit til þess skamma starfstíma sem félaginu var markaður, en telja verður að ef félagið hefði haft rýmri tíma til að selja eignina kunni söluvirði hennar mögulega hafa orðið hærra. Aðstæður á mörkuðum eru þó alltaf óvissar, eins og settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* benti á í bréfi til stjórnar Lindarhvals ehf. í desember 2017.

Engar aðrar athugasemdir hafa borist vegna sölu annarra eigna.



# Inngangur

Í lögum nr. 24/2016 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. nr. 36/2001, með síðari breytingum (stöðugleikaframlag), sem samþykkt voru á Alþingi 17. mars 2016 er sérstaklega kveðið á um að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með framkvæmd samnings sem gerður var á milli fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Lindarhvals ehf. um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaeigna. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að framangreindum lögum kemur fram að þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi fullnægjandi heimildir samkvæmt lögum 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, til eftirlits með starfsemi félagsins er lagt til að beinlínis verði kveðið á um að embættið hafi eftirlit með þessum þætti. Af þessu er ljóst að Alþingi hefur lagt sérstaka áherslu á að Ríkisendurskoðun skuli hafa eftirlit með starfsemi félagsins og framkvæmd samnings sem það gerði við fjármála- og efnahagsráðherra og að skýrslu um starfsemi félagsins yrði skilað til þingsins.

Ríkisendurskoðun telur rétt að vekja athygli á því að markmið þessarar úttektar er að kanna hvernig Lindarhvoll ehf. stóð að framkvæmd samnings félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra. Þannig er þessari úttekt ekki ætlað að endurskoða eða gera úttekt á stöðugleikaframlagi fallinna fjármálafyrirtækja eða virði stöðugleikaeigna við framsal til ríkissjóðs.

## Vanhæfi þáverandi ríkisendurskoðanda

Með bréfi til forseta Alþingis hinn 12. maí 2016 vakti þáverandi ríkisendurskoðandi, Sveinn Arason, athygli á vanhæfi sínu til að annast endurskoðun á ársreikningi Lindarhvals ehf. og að hafa með höndum lögskipað eftirlit með framkvæmd á samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. vegna formennsku bróður hans í stjórn félagsins. Með bréfi hinn 19. september 2016 skipaði forseti Alþingis fyrrverandi ríkisendurskoðanda, Sigurð Þórðarson, settan ríkisendurskoðanda *ad hoc* til að annast endurskoðun og hafa eftirlit með framkvæmd samnings skv. 1. gr. laga nr. 24/2016 um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Setning setts ríkisendurskoðanda *ad hoc* skyldi gilda þar til verkefnum Lindarhvals ehf. lyki eða vanhæfisástæður ríkisendurskoðanda væru eigi lengur fyrir hendi. Fyrir lá að umræddar vanhæfisástæður myndu falla niður þegar nýr ríkisendurskoðandi tæki til starfa 1. maí 2018.

Skúli Eggert Þórðarson tók við sem ríkisendurskoðandi hinn 1. maí 2018. Þá var starfsemi í Lindarhvoli ehf. að mestu lokið. Á fundi hinn 25. maí 2018 sem aðallögfræðingur Alþingis, fyrir hönd forseta Alþingis, nýr ríkisendurskoðandi og settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* sátu var ákveðið að verkefnið færi til Ríkisendurskoðunar undir stjórn ríkisendurskoðanda þar sem vanhæfisástæður væru eigi lengur fyrir hendi.

## Úttektarferlið

Þegar skipun setts ríkisendurskoðanda *ad hoc* lauk skilaði hann af sér vinnuskjali um stöðu verkefnisins á þeim tíma. Settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* skilað ekki endanlegri niðurstöðu þar sem verkinu var ekki lokið m.a. þar sem hann hafði ekki fengið í hendur allar umbeðnar upplýsingar sem hann taldi nauðsynlegar til að ljúka því.

Vinnuskjal setts ríkisendurskoðanda *ad hoc* hefur þannig ekki að geyma endanlegar niðurstöður eða ályktanir enda hafði skjalið ekki verið sent stjórn félagsins til umsagnar áður svo sem gera ber þegar skýrslu er lokið sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Þegar Ríkisendurskoðun tók við málinu var vinnuskjalið sent til stjórnar Lindarhvals ehf. þar sem óskað var eftir viðhorfum stjórnarinnar.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga kveður á um aðgang að gögnum hjá Ríkisendurskoðun. Fram kemur í 3. mgr. nefndrar 15. gr. að skýrslur, greinargerðir og önnur gögn sem ríkisendurskoðandi hefur útbúið og eru hluti af máli sem hann hyggst kynna Alþingi geta fyrst orðið aðgengileg þegar þingið hefur fengið þau afhent. Undanþegin slíkum aðgangi eru drög að slíkum gögnum sem send hafa verið aðilum til kynningar eða umsagnar sbr. 2. másl. 3. mgr. 15. gr. tilvitnaðra laga. Vinnuskjal setts ríkisendurskoðanda *ad hoc* fellur undir síðastnefnda ákvæðið og er því ekki hluti af skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þó eru ákveðnar upplýsingar úr vinnuskjalinu og öðrum gögnum setts ríkisendurskoðanda *ad hoc* notaðar og þá vitnað sérstaklega til þess í skýrslu þessari.

Ríkisendurskoðun aflaði frekari upplýsinga og gagna hjá Lindarhvoli ehf. Fyrirsvarsmenn félagsins svöruðu spurningum Ríkisendurskoðunar og útveguðu nauðsynleg gögn. Einnig var fundað með stjórnendum félagsins nokkrum sinnum. Þá var m.a. byggt á gagnaöflun setts ríkisendurskoðanda *ad hoc*.

Farið var yfir allar eignasölur sem Lindarhvoll ehf. hafði umsjón með og kannað hvort söluverð væri hærra eða lægra en bókfært virði viðkomandi stöðugleikaeignar. Í þeim tilvikum þegar söluverð var lægra var óskað eftir skýringum frá stjórnendum Lindarhvals ehf. Reyndust þær skýringar fullnægjandi að mati Ríkisendurskoðunar. Yfirlit yfir eignir sem voru í umsýslu Lindarhvals ehf. er birt í 3. kafla. Í því sambandi er rétt að benda á að yfirlitið er samandregið sbr. umfjöllun hér síðar um þær upplýsingar sem heimilt er lögum samkvæmt að birta.

Við úttektina var höfð hliðsjón af áður tilvitnuðum lögum um Seðlabanka Íslands, samningi Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðherra og vinnuskjali setts ríkisendurskoðanda *ad hoc* þar sem það átti við.

Stjórn Lindarhvals ehf. fékk drög að skýrslunni til umsagnar og barst umsögn félagsins hinn 8. apríl 2020. Viðbrögð stjórnar félagsins eru birt í kaflanum „Umsagnir og viðbrögð“.

### **Trúnaðarupplýsingar og lögbundin meðferð þeirra**

Þegar horft er til þess verkefnis sem Lindarhvoli ehf. var falið samkvæmt lögum og samningi þess við fjármála- og efnahagsráðherra er ljóst að stjórnarmenn félagsins og ráðgjafi þess hafa haft aðgang að fjárhagsupplýsingum einstaklinga og lögaðila, svo sem upplýsingar um lántökur, persónulegar ábyrgðir og skuldir. Um meðferð slíkra upplýsinga fer almennt samkvæmt 9. gr. upplýsingalaga en samkvæmt því ákvæði er óheimilt að veita almenningi aðgang að einka- og fjárhagsmálefnum einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila. Um þagnarskyldu þeirra sem starfa í þágu Lindarhvals ehf. fer samkvæmt fyrirmælum 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis III í þágildandi lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, sbr. lög nr. 24/2016. Í því ákvæði er almennt vísað til upplýsinga sem leynt skuli fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Til fyllingar ákvæðinu koma m.a. til skoðunar fyrrnefnt ákvæði upplýsingalaga og eftir atvikum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Þá er sérstaklega

mælt fyrir um þagnarskyldu í samningi fjármála- og efnahagsráðherra við félagið sem og starfs- og siðareglum stjórnar Lindarhvals ehf.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, hefur að geyma víðtækar aðgangsheimildir fyrir ríkisendurskoðanda og er sérstaklega tekið fram að aðgangur sé heimill að öllum gögnum og upplýsingum sem máli skipta og geta haft þýðingu fyrir störf ríkisendurskoðanda. Ríkisendurskoðun hefur í krafti heimilda í 11. gr. laga nr. 46/2016 haft aðgang að öllum gögnum í fórum Lindarhvals ehf. sem snerta framkvæmd samnings félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra. Eins og rakið er að framan hafa þau gögn að geyma ýmsar fjárhagsupplýsingar einstaklinga og lögaðila sem skylt er að trúnaður ríki um.

Eins og áður segir var ríkisendurskoðanda falið það sérstaka hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. Í 12. gr. laga nr. 46/2016 er kveðið á um að á ríkisendurskoðanda og starfsfólki hans hvíli þagnarskylda um atvik sem þeim verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Ákvæði 12. gr. heimilar þó birtingu upplýsinga sem háðar væru þagnarskyldu ef slíkt er talið nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður. Tekið er fram að þó skuli aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra að almannahagsmunir vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á. Í ljósi eðlis þeirra upplýsinga og gagna sem Ríkisendurskoðun hefur haft aðgang að í úttekt þessari sem og ákvæða 4. mgr. 12. gr. laga nr. 46/2016 þarf að veita og meta hvort fyrirbyggjandi upplýsingar séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að birta þær svo Ríkisendurskoðun sé unnt að rökstyðja niðurstöður sínar um eftirlit með framkvæmd samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. Ríkisendurskoðandi hefur lagt mat á hvaða upplýsingar er unnt að birta opinberlega og hefur við það mat verið horft til friðhelgi einkalífs eins og það birtist í 71. gr. stjórnarskrárinnar, þeirra meginsjónarmiða sem fram koma í upplýsingalögum nr. 140/2012 sem og athugasemda í lagafrumvarpi því sem varð að upplýsingalögum og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

# Umsagnir og viðbrögð

Stjórn Lindarhvals ehf. benti á í umsögn sinni að á starfstíma félagsins hafi aldrei komið ábendingar eða athugasemdir frá Ríkisendurskoðun, settum ríkisendurskoðanda *ad hoc* eða fjármála- og efnahagsráðherra um framkvæmd þeirra verkefna sem félaginu var falið.

Þá bendir stjórn félagsins á að starfstími þess hafi verið afmarkaður í lögum og samningnum sem félagið gerði við fjármála- og efnahagsráðherra. Félagið hafi því ekki haft svigrúm til að ákvarða lengri starfstíma með sjálfstæðum ákvörðunum stjórnar. Jafnframt bendir stjórnin á að ekkert sérstakt samhengi er á milli þess að ráðstafa eignum á löngum tíma og þess hversu mikil verðmæti komi fyrir þær. Þannig séu engin rök fyrir því að starfstími Lindarhvals ehf. hafi verið of stuttur eða að áhersla hafi í reynd verið lögð á hraða umfram háþörfun verðmæta. Að mati stjórnar félagsins tekur Ríkisendurskoðun ekki nægjanlegt tillit til þeirra áherslna sem bæði Alþingi og fjármála- og efnahagsráðherra gerðu um að flýta sölu og fullnustu eigna til niðurgreiðslu á skuldum ríkisins. Skilvirk úrvinnsla eigna hafi þannig gert ríkissjóði kleift að greiða hraðar niður skuldir með tilheyrandi vaxtasparnaði auk þess sem það hafði verulega jákvæð áhrif á lánshæfismat ríkissjóðs sem svo skilaði sér í betri kjörum til framtíðar. Þá beri enn fremur að hafa í huga að það sé alls ekki í samræmi við almenn stefnumið ríkisins að fé í vörslum þess sé bundið til langs tíma í áhættusömum eignum.

Stjórn Lindarhvals ehf. hefur að auki gert athugasemdir um umfjöllun um sölu á hlutafé og nauðasamningskröfum Klakka ehf. Stjórnin áréttar að söluferli á þeirri eign hafi verið hið sama fyrir allar nauðasamningskröfurnar og að áhugasömum aðilum hafi verið send kynning um söluferlið í heild með frekari upplýsingum um hverja og eina nauðasamningskröfu. Þá bendir stjórnin á að ekkert samhengi sé á milli þess hvert sé bókfært virði eigin fjár í Klakka ehf. og verðmætis nauðasamningskrafna í sama félagi. Slíkir útreikningar segi ekki til um það hvaða verð aðilar hafi verið tilbúnir til að greiða fyrir nauðasamningskröfur í Klakka ehf. og þá hvert hafi verið markaðsvirði slíkra krafna. Þá sé það jafnframt staðreynd að eitt er að meta bókfært virði eigin fjár í félögum og síðan annað hvað fjárfestar eru tilbúnir að greiða fyrir nauðasamningskröfu í félaginu við sölu. Útilokað sé því að meta verðmæti nauðasamningskrafna í Klakka ehf. með því einu að taka saman upplýsingar úr efnahagsreikningi félagsins.

Að lokum kemur fram að það sé mat stjórnar Lindarhvals ehf. að félagið hafi í starfsemi sinni farið að öllu leyti eftir ákvæðum laga og hafi í hvívetna fylgt og fullnægt ákvæðum samningsins við fjármála- og efnahagsráðherra um að félagið skyldi selja eignir í umsýslu þess í opnu söluferli og taka hæsta tilboði í hverri sölu. Hafi við umsýslu eignanna og fullnustu þeirra verið lögð áhersla á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. Jafnframt er það mat stjórnarinnar að Lindarhvoll ehf. hafi á hverjum tíma fullnægt þeim meginmarkmiðum sem sett voru í samningnum við fjármála- og efnahagsráðherra. Félagið hafi þannig fullnægt þeim kröfum og skyldum sem settar og gerðar eru í gildandi lögum um starfsemi þess sem og þeim kröfum og skyldum sem settar voru af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra í samningnum. Stjórnarhættir félagsins voru að öllu leyti í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi félagsins giltu á því tímabili sem samningur þess við fjármála- og efnahagsráðherra var í gildi.

# 1. Aðdragandi að stofnun Lindarhvols ehf.

Hinn 8. júní 2015 samþykkti stýrinefnd um losun fjármagnshafta almenn stöðugleikaskilyrði, sem fólu í sér eftirfarandi:

- Að gerðar yrðu ráðstafanir sem drægju úr neikvæðum áhrifum af útgreiðslum andvirðis eigna í íslenskum krónum.
- Að öðrum innlendum eignum fallinna fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldeyri yrði breytt í langtímafjármögnun að því marki sem þörf krefði.
- Að tryggt yrði, í þeim tilvikum sem það ætti við, að lánaþingreiðsla stjórnvalda í erlendum gjaldeyri sem veitt var nýju bönkunum í kjölfar hruns á fjármálamarkaði yrði endurgreidd.

Með setningu laga um stöðugleikaskatt nr. 60/2015 og laga nr. 59/2015<sup>2</sup> um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum, var slitabúum fallinna fjármálafyrirtækja heimilað að greiða stöðugleikaframlag í stað stöðugleikaskatts. Markmið þessara breytinga var einkum að gæta að greiðslujöfnuði og tryggja þannig stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálastöðugleika. Ekki var um að ræða tekjuöflunarleið af hálfu stjórnvalda, heldur átti að tryggja og gæta að greiðslujöfnuði.

Eftir gildistöku ofangreindra laga og á grundvelli fyrirbyggjandi stöðugleikaskilyrða lögðu slitabúin (Glitnir hf., LBI hf., Kaupþing hf., ALMC hf., BYR sparisjóður, SPRON, EA eignarhaldsfélag ehf. og SPB hf.) fram áætlun um greiðslu stöðugleikaframlags í stað greiðslu stöðugleikaskatts.

Stöðugleikaframlag slitabúanna samanstóð af margs kyns fjárhagslegum verðmætum, þ.m.t. kröfuréttindum, fjármálagerningum, skráðum sem óskráðum eignarhlutum í félögum sem og öðrum réttindum. Flokka má stöðugleikaframlag slitabúanna með eftirfarandi hætti:

- Laust fé
- Framseldar eignir (Assigned Assets)
- Skilyrtar fjársópseignir (Retained Assets)
- Framlag vegna viðskiptabanka

Seðlabanki Íslands veitti slitabúunum undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál, sem byggði á staðfestingu þess efnis að útgreiðsla til kröfuhafa á grundvelli fyrirbyggjandi nauðasamninga

---

<sup>2</sup> Ákvæði 5. gr. laga nr. 59/2015 bætti við fjórum nýjum málsliðum við ákvæði til bráðabirgða III í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001 sem kváðu á um að Seðlabankanum væri heimilt að taka á móti fjárhagslegum verðmætum til að tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum.

með vísan til stöðugleikaframlags slitabúanna myndi ekki valda efnahagslegum óstöðugleika. Með hliðsjón af öllu framangreindu luku slitabúin nauðasamningum sínum í upphafi árs 2016.

Alþingi samþykkti breytingar á bráðabirgðaákvæði III í lögum um Seðlabanka Íslands og tóku þær breytingar gildi 4. apríl 2016. Breytingarnar fólu í sér að í stað þess að Seðlabanka Íslands væri falin umsýsla stöðugleikaeignanna var ráðherra veitt heimild til að stofna einkahlutafélag í eigu ríkissjóðs, sem hefði þann tilgang að annast *umsýslu*, *fullnustu* og *sölu* annarra stöðugleikaeigna en eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. Að gefnu tilefni er lögákveðinn tilgangur félagsins skálettraður hér að ofan. Á grundvelli fyrrgreindra lagabreytinga og lagaheimildar var einkahlutafélagið Lindarhvoll stofnað 15. apríl 2016.

## 1.1 Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum (stöðugleikaframlag) sbr. þskj. 618 á 145. löggjafarþingi 2015–16, var kveðið á um að bankinn stofnaði félag með þann tilgang að annast umsýslu, fullnusta og selja eftir því sem við á verðmæti sem væru ekki laust fé eða eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum, þ.e.a.s. stöðugleikaeignir. Skyldi félagið gera samning við fjármála- og efnahagsráðherra er kvæði m.a. á um verkefni þess og starfshætti, þar á meðal um áherslur ríkisins sem eiganda eignanna.

Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að félagið fari með hluti ríkissjóðs í félögum, innheimti skuldabréf, hafi eftirlit með fjársóþseignum og ráðstafi þeim. Það á m.a. við um hvernig og hverjum eignirnar verða seldar, á hvaða verði, hvort kröfum verði haldið uppi, mál verði höfðað um kröfuna eða hún gefin eftir. Þá kom jafnframt fram í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins að hvorki væri gert ráð fyrir að ráðherra né Seðlabankinn kæmu að einstökum ákvörðunum félagsins og áréttað að jafnfræðis og gagnsæis skuli gætt við sölu eigna þannig að allir líklegir kaupendur hefðu jafna möguleika á því að gera tilboð. Enn fremur skyldi tryggja að salan yrði hagkvæm og þannig leitað hæsta verðs eða markaðsverðs á hverjum tíma. Þá var tekið fram að stjórninni væri fengin víðtæk heimild til þess að umbreyta mótteknum verðmætum í laust fé, án þess að leitað yrði heimildar í fjárlögum hverju sinni.

Í breytingatillögu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar við frumvarpið var lagt til að í stað þess að Seðlabankinn stofnaði umsýslufélag þá yrði ráðherra heimilt að stofna einkahlutafélag í eigu ríkissjóðs. Þá kom jafnframt fram í breytingatillögu meirihlutans að stjórn félagsins skyldi skipuð stjórnarmönnum sem hefðu tilhlýðilega þekkingu.

Í nefndaráliti og breytingatillögum meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar var áfram gert ráð fyrir að ráðherra og félagið gerðu með sér samning um verkefni og störf félagsins þar sem nánar skyldi kveða á um umboð þess varðandi umsýslu, fullnustu og sölu þeirra eigna sem um ræðir. Þannig yrðu áherslur ríkisins sem eiganda eignanna útfærðar nánar í samningnum. Nefndin gerði jafnframt ráð fyrir því að þar sem hvorki ráðherra né Seðlabankinn hefði afskipti af verkefnum félagsins yrði eftirlit með starfsemi þess og framkvæmd samningsins milli ráðherra og félagsins falið Ríkisendurskoðun. Þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi fullnægjandi heimildir samkvæmt lögum um embættið til slíks eftirlits er beinlínis kveðið á um það í frumvarpinu að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með þessum þætti.

Í nefndaráliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis kemur fram að veigamikil rök hafi komið fram fyrir því að félagið yrði ekki á forræði Seðlabankans, heldur myndi það heyra beint undir fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með eignir ríkissjóðs. Taldi nefndin að með

Því fyrirkomulagi yrðu verkefni félagsins leyst í hæfilegri fjarlægð frá ráðuneyti en ráðherra myndi hins vegar skipa stjórn félagsins. Félagið myndi falla undir eigandastefnu ríkisins auk þess sem ráðherra gerði sérstakan samning um verkefni þess. Með þessu yrði ábyrgð ráðherra skýrari á heildarframkvæmd verkefnisins, bæði hvað varðar eignarhald á félaginu og skipun í stjórn. Í ræðu framsögumanns meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar kom m.a. eftirfarandi fram:

*„Við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á máli þessu og í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið leggur meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar til þá breytingu að í stað þess að Seðlabanki stofni og starfræki félag til að sýsla með verðmætin verði fjármálaráðherra heimilt að stofna félag og skipa því stjórn í sama tilgangi. Með því að hafa umsjónina í sérstöku félagi fæst hæfileg armslengd frá ríkinu og í stað þess að ráðuneytið komi að sérhverri ákvörðun félagsins er gerður samningur við félagið sem endurspeglar áherslu ríkissjóðs sem eiganda verðmætanna.“*

Armslengdin átti þannig að tryggja að aðilar væru sjálfstæðir og óháðir hver öðrum á jafnréttisgrundvelli.

Þá var lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra skipaði félaginu þriggja manna stjórn og tvo til vara þannig að ávallt væri hægt að taka ákvarðanir með fullskipaðri stjórn ef upp kæmu t.a.m. vanhæfistilvik. Lögð var áhersla á að ráðherra áréttaði í samningi við félagið að stjórnendur þess og starfsmenn hefðu ávallt uppi vönduð og fagleg vinnubrögð þar sem um væri að ræða opinberar eignir. Samkvæmt lögnum var einnig heimilt að leggja félaginu til allt að 150 m.kr. í stofnfé til þess að mæta útgjöldum, enda ljóst að töluverður kostnaður gæti fallið til áður en eignir væru seldar, t.a.m. vegna ráðgjafar í tengslum við mat, auglýsingar og lögfræðipjónustu. Kveðið var á um að við slit á félaginu myndu eignir þess renna aftur í ríkissjóð.

Áréttað var að ákvæði stjórnarsýslulaga og upplýsingalaga skyldu lögð til grundvallar starfsemi félagsins eftir því sem við ætti og mælt væri fyrir um í hlutaðeigandi lögum. Um þagnarskyldu gildir sama meginreglan og gildir samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þ.e. að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk á vegum félagsins skuli gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls.

Þá var lagt til að nefndum Alþingis yrðu veittar upplýsingar um framgang og úrvinnslu eignanna og fjármála- og efnahagsráðherra skyldi gera efnahags- og viðskiptanefnd og fjárlaganefnd ársfjórðungslega grein fyrir framvindu við úrvinnslu eignanna á grundvelli áætlana og annarra upplýsinga frá félaginu.

Eftir aðra umræðu málsins á Alþingi komu jafnframt fram þau sjónarmið að setja þyrfti fastan tímaramma um starfsemi félagsins. Við umfjöllun um málið í efnahags- og viðskiptanefnd kom m.a. fram að fjármála- og efnahagsráðuneyti teldi að félagið næði að fullnusta um 80% verðmæta innan 18 mánaða. Einnig kom fram að í drögum að samningi ráðuneytis við áformað félag væri miðað við að samningurinn gildi fram til 31. desember 2018 og því lagt til að störfum félagsins yrði lokið og því slitið fyrir 31. desember 2018.

Á grundvelli orðalags bráðabirgðaákvæðis III í lögum um Seðlabanka Íslands veitti bankinn stöðugleikaeignum viðtöku. Verðmætin áttu að renna í ríkissjóð og vera hjá Seðlabankanum til varðveislu. Gengið var frá sérstökum framsalsgerningum varðandi hverja stöðugleikaeign sem framseld var ríkissjóði og féll undir flokkinn framseldar eignir. Við stofnun Lindarhvals ehf. var framsali stöðugleikaeigna á grundvelli stöðugleikaframlaga slitabúanna að mestu lokið og var ríkissjóður því orðinn formlegur eigandi þeirra verðmæta sem afhent höfðu verið í formi stöðugleikaframlaga slitabúanna.

### 1.1.1 Bókfært virði stöðugleikaeigna

Bókfært virði stöðugleikaeigna var ákvarðað af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytis í janúar 2016 og var það að mestu reist á bókfærðu virði eignanna hjá slitabúunum sjálfum við framsal stöðugleikaframlaganna:

**Tafla 1.1 Bókfært virði stöðugleikaeigna**

Í ma.kr.	
<b>Laust fé</b>	<b>17,2</b>
<b>Framseldar eignir</b>	<b>60,4</b>
Skráð hlutabréf	5,9
Óskráð hlutabréf	4,9
Skráð skuldabréf	11,1
Óskráð skuldabréf	1,6
Lánaeignir	18,6
Aðrar eignir	18,3
<b>Skilyrtar fjársópseignir</b>	<b>18,4</b>
Laust fé	0,0
Varasjóðir	11,8
Lánaeignir	0,7
Aðrar eignir	5,9
<b>Framlag vegna viðskiptabanka</b>	<b>288,2</b>
Íslandsbanki, hlutafé	184,7
Veðskuldabréf Kaupþings	84,0
Afkomuskiptasamningur v/Arion banka	19,5
<b>Samtals stöðugleikaframlag</b>	<b>384,3</b>

*Heimild: Lindarhvoll ehf.*

Frá því að stöðugleikasamningar slitabúanna tóku endanlega gildi og fram að stofnun Lindarhvals ehf. nam greiðsluflæði undirliggjandi stöðugleikaeigna um 37,4 ma.kr. en sú



fjárhæð var lögð inn á stöðugleikareikning ríkissjóðs í Seðlabankanum. Hinn 1. mars 2016 greiddi ríkissjóður 25 ma.kr. inn á skuldabréf við Seðlabanka Íslands og lækkaði innistæðan á stöðugleikareikningnum um þá fjárhæð. Samtals nam því innistæða á stöðugleikareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands um 12,4 ma.kr. Þegar Lindarhvoll ehf. tók við umsýslu og ráðstöfun stöðugleikaeignanna hinn 29. apríl 2016.

## 2. Lindarhvoll ehf.

Lindarhvoll ehf. var stofnað hinn 15. apríl 2016 á grundvelli breytinga sem Alþingi samþykkti á bráðabirgðaákvæði III í lögum um Seðlabanka Íslands en þær tóku gildi hinn 5. apríl 2016.

Hinn 29. apríl 2016 undirrituðu fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson, f.h. ríkissjóðs, og Þórhallur Arason og Haukur C. Benediktsson, f.h. Lindarhvols ehf., samning um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna sem Seðlabanki Íslands tók á móti í tengslum við gerð nauðasamninga og gilti samningurinn til 31. desember 2018. Samningurinn var birtur á heimasíðu félagsins og er vakin athygli á því hér að hann tekur ekki aðeins til sölu stöðugleikaframlagseigna heldur einnig umsýslu og fullnustu þeirra. Þar segir m.a.:

*„Ríkissjóður Íslands hefur stofnað félagið Lindarhvol ehf. sem annast mun umsýslu, ráðstöfun og sölu stöðugleikaframlagseigna og skipað félaginu þriggja manna stjórn og tvo til vara, þar sem annar varamaður situr alla fundi nefndarinnar. Í ákvæðinu [III. bráðabirgðaákvæði við lög um Seðlabanka Íslands] er jafnframt kveðið á um að gerður skuli sérstakur samningur á milli félagsins og ráðherra um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseignanna og starfshætti, þar sem m.a. er fjallað um áherslur ríkisins sem eiganda eignanna og sérstakt hæfi stjórnar- og starfsmanna í einstökum málum er þær varðar.“*

Segir í 2. gr. samningsins að stjórn og starfsmenn skuli:

*„vinna að markmiðum samnings þessa af fagmennsku, hlutlægni og samkvæmt góðum viðskiptaháttum. Þar sem starfsemi félagsins mun snúast um umsýslu, sölu og ráðstöfun á eignum ríkisins er áhersla lögð á að félagið kappkosti að viðhafðir séu góðir stjórnarsýslu- og stjórnhættir í störfum þess og ávallt séu viðhöfð vönduð og fagleg vinnubrögð.“*

Markmið samningsins var að Lindarhvoll ehf. myndi hámarka verðmæti eignanna gagnvart ríkissjóði og lágmarka eins og kostur væri, kostnað við umsýslu eignanna. Samkvæmt skýru orðalagi samningsins skyldi félagið jafnframt flýta sölu stöðugleikaframlagseignanna og endurheimtum eins og kostur væri. Við meðferð fjárlaga og fjárukalaga kom fram að afraksturinn skyldi notaður til að greiða niður skuldir ríkissjóðs sem m.a. lækkaði vaxtabyrði og stuðlaði að hærra lánsþæfismati ríkissjóðs.

Við umsýslu, fullnustu og sölu eignanna skyldi samkvæmt samningnum leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. Með hagkvæmni var samkvæmt samningnum átt við að leita skyldi hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar að undangengnu opnu tilboðsferli þar sem gætt væri gagnsæis og jafnræðis bjóðenda. Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. var framangreindum markmiðum og viðmiðum að öllu leyti fylgt við alla starfsemi félagsins og ákvarðanatöku.


Settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* óskaði eftir því við fjármála- og efnahagsráðuneytið að það upplýsti með hvaða hætti það hefði komið að undirbúningi og gerð samningsins við Lindarhvol ehf. og þeirra innri starfsreglna sem settar voru á fyrsta fundi stjórnar félagsins. Samkvæmt svörum ráðuneytisins var samningurinn að fullu unninn af hálfu þess í tengslum við meðferð málsins á Alþingi. Samningsdrögin sættu þannig ítarlegri umfjöllun í efnahags- og viðskiptanefnd samhliða afgreiðslu frumvarpsins og lagði ráðuneytið til ákveðnar efnisbreytingar á samningnum í samræmi við þær umræður og umfjöllun sem fram fór í nefndinni. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu voru samningsdrögin sem lögð voru fram og kynnt á fyrsta stjórnarfundum Lindarhvols ehf. að fullu unnin af starfsfólki fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Samkvæmt stofnskrá Lindarhvols ehf. er heimili félagsins að Arnarhvoli við Lindargötu í Reykjavík. Á stofnfundi voru þau Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Seðlabanka Íslands ehf., og Áslaug Árnadóttir hrl. kjörin aðalmenn í stjórn og þau Esther Finnbogadóttir og Sigurbjörn Einarsson varamenn. Áslaug Árnadóttir baðst nánast strax lausnar frá stjórnarsetu og var Ása Ólafsdóttir prófessor við lagadeild Háskóla Íslands skipuð í hennar stað. Á fyrsta fundi stjórnar var Þórhallur Arason kosinn formaður stjórnarinnar. Varamaður sem sat stjórnarfundum félagsins var Esther Finnbogadóttir og almennur varamaður var Sigurbjörn Einarsson.

Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. ákvað fjármála- og efnahagsráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs, sem er eini hluthafi Lindarhvols ehf., stjórnarlaun félagsins. Þau voru ákveðin 450 þús.kr. á mánuði fyrir formann stjórnar og 300 þús.kr. á mánuði fyrir meðstjórnendur ásamt varamanni stjórnar sem sótti alla stjórnarfundum félagsins samkvæmt starfsreglum þess. Stjórnarlaun voru svo lækkuð um helming með ákvörðun eina hluthafa Lindarhvols hinn 2. október 2017 að beiðni stjórnar félagsins í ljósi minnkandi umsvifa þess.

Á öðrum stjórnarfundum Lindarhvols ehf. 4. maí 2016 var samþykkt stjórnskipulag fyrir félagið ásamt skipuriti þess og helstu verkefni einstakra sviða og deilda, sbr. mynd 2.1.

## Mynd 2.1 Skipurit Lindarhvols ehf.



Heimild: Lindarhvoll ehf.

### 2.1 Áherslur í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf.

Samkvæmt samningi ráðherra og Lindarhvols ehf. leggur ríkissjóður, sem eigandi stöðugleikaframlagseigna, áherslu á að hámarka verðmæti eignanna. Félagið skal þannig *flýta* sölu eigna og endurheimtum krafna eins og kostur er, án þess þó að það komi niður á hámarksverðmæti. Enn fremur skal lögð áhersla á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni við umsýslu, fullnustu og sölu eignanna. Sérstaklega er tekið fram í samningnum að með hagkvæmni sé átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar og mat á því hvað telst vera hæsta verð í þessu sambandi miðist ávallt við staðgreiðsluverð. Markmið félagsins, samkvæmt samningnum, er að hámarka verðmæti eignanna gagnvart ríkissjóði og lágmarka svo sem frekast er unnt kostnað við umsýslu eignanna.

Samningurinn kveður á um að Lindarhvoll ehf. undirbúi sölu eignanna eða aðra ráðstöfun þeirra, leiti tilboða, meti tilboð, hafi umsjón með samningaviðræðum við væntanlega kaupendur og annist samningagerð. Tekið er fram að sala eða önnur ráðstöfun eigna skuli eiga sér stað að undangengnu opnu tilboðsferli þar sem gætt er gagnsæis og jafnræðis bjóðenda. Jafnræði skuli þannig tryggja með því að skilyrði við sölu eða ráðstöfun séu fá, skýr og öllum ljós og að allir sem uppfylla málefnaleg skilyrði eigi þess kost að bjóða í einstakar eignir.

Samkvæmt samningnum skal tryggja gagnsæi með því að allt ferli við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og ávallt liggi fyrir á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar. Standi þannig tvær eða fleiri leiðir til boða varðandi sölu eða ráðstöfun skal kappkosta að velja þá leið sem er gagnsærri.

Enn fremur kemur fram í samningnum að félagið Lindarhvoll ehf. skuli taka hæsta gilda tilboði í hverri sölu, enda sé það yfir því lágmarksverði sem félagið hefur sett sér fyrirfram. Sé þess þörf

getur félagið leitað til viðurkenndra óháðra sérfræðinga eða ráðgjafa við verðmat tiltekinna eigna eða við samanburð og mat á tilboðum. Þá er félaginu heimilt að semja við þriðja aðila um þjónustu á tilteknum eignum eða eignaflokkum, enda sé tryggt að meginreglum laganna um gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni sé fylgt við val á slíkum aðila og að sá aðili gæti sömuleiðis jafnræðis við störf sín.

## 2.2 Stjórnarfundir

Fyrsti stjórnarfundur Lindarhvols ehf. var haldinn 28. apríl 2016. Eftirfarandi gögn voru lögð fyrir fundinn:

1. „Project Lindarhvoll“ ásamt fylgigögnum (kynning á verkefnum félagsins).
2. Samningur um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna.
3. Gögn varðandi fyrirhugaða starfshætti félagsins (samþykkt á fundinum):
  - a. Starfsreglur stjórnar
  - b. Reglur um umsýslu, fullnustu og sölu eigna
  - c. Reglur um viðmið vegna lánamála
  - d. Siðareglur

Eins og fram kemur í framlögðum gögnum setti stjórnin sér strax í upphafi reglur um starfshætti félagsins og birti þær á heimasíðu sinni, <http://lindarholleignir.is/>. Reglurnar um starfshætti félagsins snúa fyrst og fremst að stjórn þess vegna framkvæmdar á samningi milli fjármála- og efnahagsráðherra um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna frá apríl 2016.

Auk kjörinna stjórnarmanna sat Steinar Þ. Guðgeirsson hrl., eigandi lögmennsstofunnar Íslaga ehf., fyrsta stjórnarfund Lindarhvols ehf. Steinar hafði verið ráðgjafi Seðlabanka Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytis, m.a. við undirbúning að stofnun Lindarhvols ehf. Hann hafði auk þess haft umsjón með gerð stöðugleikasamninga og verið formaður skilanevndar Kaupþings banka hf. Steinar var skipaður ritari fundarins, jafnframt hafði hann framsögu og kynnti stjórn félagsins ofangreind gögn, þ.m.t. samning um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna og reglur um starfshætti félagsins.

Á sama stjórnarfundu lágu fyrir drög að verksamningi milli Lindarhvols ehf. og Íslaga ehf. um kaup fyrrnefnda félagsins á þjónustu Íslaga ehf. á sviði lögfræðiþjónustu í tengslum við verkefni Lindarhvols ehf., jafnframt því að annast umsýslu, fullnustu og sölu, eftir því sem við á, á stöðugleikaframlagseignum. Meirihluti stjórnar Lindarhvols ehf. undirritaði samninginn fyrir hönd félagsins á fundinum og gildi hann í upphafi til þriggja mánaða.

Samkvæmt upplýsingum frá Lindarholvi ehf. var verksamningurinn gerður með vísan til þeirra markmiða með starfsemi félagsins:

*„að hámarka endurheimtur en á sama tíma að lágmarka kostnað og flýta sölu og endurheimtum, með vísan til þess að lögmenn Íslaga ehf. höfðu umsjón með gerð allra stöðugleikasamninganna fyrir hönd Seðlabanka Íslands við öll slitabúin, höfðu umsjón með móttöku og daglegum rekstri þessara eigna, fyrst í umboði Seðlabanka Íslands og svo í umboði Ríkissjóðs Íslands áður en Lindarhvoll ehf. var stofnað. Auk þess þekktu lögmenn Íslaga ehf. vel forsögu og stöðu þeirra stöðugleikaagna sem framseldar voru Ríkissjóði Íslands á grundvelli stöðugleikasamninganna. Til viðbótar*

*ofangreindu var það mat stjórnar Lindarhvals ehf. að lögmenn Íslaga ehf. hefðu yfirburða yfirsýn og þekkingu á starfsemi og eignasamsetningu slítabúanna.“*

Á tímabilinu 28. apríl 2016 til 6. febrúar 2018 voru haldnir alls 41 stjórnarfundur í félaginu, 16 fundir á árinu 2016, 20 fundir árið 2017 og fimm fundir árið 2018.

Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. var á stjórnarfundum farið almennt yfir helstu málefni félagsins á hverjum tíma:

*„Farið var almennt yfir starfshætti félagsins, framsal stöðugleikaeigna og daglegan rekstur þess. Einnig var ítarlega farið yfir söluferli þeirra stöðugleikaeigna sem seldar voru á tímabilinu ásamt yfirferð yfir hverja og eina eign sem var í umsýslu og umráðum félagsins, sem féllu bæði undir flokkinn framseldar eignir og fjársópseignir. Á stjórnarfundum fór stjórn einnig yfir greiðsluflæði stöðugleikaeigna á hverjum tíma ásamt áætlun félagsins en jafnframt var farið yfir rekstrarkostnað félagsins og hann samþykktur.“*

Samkvæmt 6. gr. í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og stjórnar Lindarhvals ehf. skyldi stjórn félagsins enn fremur gefa ráðherra skýrslu um framgang umsýslunnar, stöðu eigna og áætlaða ráðstöfun eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Þessa samningsskyldu uppfyllti stjórnin með ársfjórðungslegum skýrslum til ráðherra um starfsemi félagsins auk þess sem stjórn félagsins hefur veitt ráðherra upplýsingar um starfsemi félagsins þegar þess hefur verið óskað sérstaklega. Þá fundaði stjórnarformaður félagsins, stjórn félagsins og lögmaður þess með ráðherra og starfsfólki ráðuneytisins þegar þess var óskað.

Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. kom aldrei fram ábending eða athugasemd frá fjármála- og efnahagsráðuneyti um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið var að hjá félaginu á grundvelli samnings þess við ráðherra.

### **2.3 Stjórnarhættir Lindarhvals ehf.**

Þrátt fyrir að starfsfólk lögmennsstofunnar Íslaga ehf. hafi búið yfir mikilli þekkingu og reynslu sem tengdust því verkefni sem hér er til skoðunar taldi settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* í vinnuskjali sínu að þessi skipan hafi ekki tekið nægjanlegt tillit til krafna um aðskilnað starfa, ábyrgðar og innra eftirlits sem hefði átt að vera til staðar við framkvæmd verkefnisins. Eru þá fyrst og fremst hafðir í huga þeir hagsmunir sem eru undirliggjandi og tengjast þessu viðfangsefni. Þess má geta að enginn starfsmaður var ráðinn til Lindarhvals ehf. til að sinna verkefnum á borð við úrvinnslu gagna, upplýsingagjöf og skalavistun. Framangreind verkefni voru í umsjá starfsmanna lögmennsstofunnar Íslaga ehf.

Fram kemur í svörum frá Lindarhvoli ehf. að stjórnin hafi borið ábyrgð á starfsemi félagsins og tekið allar ákvarðanir vegna umsýslu stöðugleikaeigna á grundvelli samnings við fjármála- og efnahagsráðherra:

*Stjórnin var samkvæmt lögum skipuð sérfræðingum sem hafa mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði. Samkvæmt starfsreglum félagsins var því*

*skýrt að stjórn félagsins tók allar ákvarðanir og þar sem enginn starfsmaður var ráðinn hjá félaginu, af þeirri einföldu ástæðu að verkefninu var afmarkaður mjög skammur tími, var stjórn félagsins mjög virk við alla stjórnun þess sem líka tryggði að kostnaður var í lágmarki, sem var eitt af markmiðum samningsins. Var farið yfir hverja einustu stöðugleikaeign á reglubundnum fundum stjórnar eins og fundargerðir félagsins bera augljóslega með sér. Framkvæmd verkefnisins var með þeim hætti að stjórn félagsins hafði fulla yfirsýn yfir stöðu allra stöðugleikaeigna á hverjum tíma, ábyrgð stjórnar var skýr og aðskilnaður starfa var öllum ljós. Fullt eftirlit stjórnar var á hverjum tíma og innra eftirlit var til staðar.*

Þá hefur stjórnin áréttað við Ríkisendurskoðun að félagið hafi aldrei ráðið eiginlegan framkvæmdastjóra til félagsins á því tímabili sem samningur félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra var í gildi, m.a. vegna eðlis þeirra verka sem félagið bar ábyrgð á og þeirrar viðleitni að halda kostnaði í lágmarki. Stjórn Lindarhvals ehf. undirritaði verksamning við lögmannsstofuna Íslög ehf. í apríl 2016 þar sem samið var um kaup félagsins á þjónustu Íslaga ehf. á sviði lögfræðipjónustu. Jafnframt var samið um kaup á ráðgjöf við daglegan rekstur þeirra stöðugleikaeigna sem Lindarhvoli ehf. hafði verið falin umsýsla með. Þannig bar stjórn fulla ábyrgð á allri starfsemi félagsins og tók allar ákvarðanir vegna umsýslu stöðugleikaeigna. Enginn starfsmaður var ráðinn hjá félaginu einkum vegna þess að verkefninu var afmarkaður skammur tími og var því stjórn félagsins mjög virk við alla stjórnun þess, m.a. á milli formlegra stjórnarfunda. Stjórnin hafði vissulega heimild til þess að ráða framkvæmdastjóra en bar ekki skylda til þess.

Með samningi við Íslög ehf. taldi stjórn Lindarhvals ehf. mikilvægt að gætt yrði að samfellu í rekstri allra framseldra stöðugleikaeigna til að hámarka verðmæti þeirra fyrir ríkissjóð og þá einkum og sér í lagi vegna þess hve verkefninu var afmarkaður skammur tími. Þannig taldi stjórnin útilokað:

*að ná fram markmiðum samningsins og þannig fullnægja þeim kröfum sem gerðar voru til félagsins með því að bjóða út þá ráðgjöf sem félagið nýtti sér á grundvelli verksamnings við Íslög ehf. Hefði það jafnframt í för með sér mikið óhagræði að fara í slíkt útboð, bæði vegna kostnaðar og tíma sem það hefði tekið, fyrir utan þá einföldu staðreynd að sama þekking hefði ekki náðst með slíku útboði.*

Í ljósi umfangs þess verks sem lögmannsstofan Íslög ehf. átti að sinna samkvæmt verksamningnum samdi stjórn Lindarhvals ehf. um sérstök afsláttarkjör. Þá er ljóst að ekki var lagaskylda á Lindarhvoli ehf. að bjóða lögfræðipjónustuna út. Var það skýrt hagsmunamat stjórnar Lindarhvals ehf. á sínum tíma að ekki hefði reynst hagkvæmt að bjóða þessa lögfræðipjónustu út, með það eitt að leiðarljósi að félagið hefði aðgang að yfirburðar sérfræðipækkingu lögmannna Íslaga ehf. á þeim eignum sem félaginu var falin umsýsla með til að fullnægja því meginmarkmiði að hámarka virði stöðugleikaeigna á sem skemmstum tíma og lágmarka kostnað. Ríkisendurskoðun telur ekki efni til að véfengja þetta og fellst á skýringar stjórnarinnar.

Á öðrum stjórnarfundi Lindarhvals ehf. hinn 4. maí 2016 voru eftirtaldar reglur samþykktar af stjórn:



a) Starfsreglur stjórnar	(70 töluliðir)
b) Reglur um umsýslu, fullnustu og sölu eigna	(30 töluliðir)
c) Reglur og viðmið vegna lánamála	(19 töluliðir)
d) Siðareglur	(15 töluliðir)

Ofangreindar reglur voru umfangsmiklar en þær innihéldu samtals 134 skráða töluliði. Innan þeirra marka sem regluverkið skapaði þurfti stjórn Lindarhvals ehf. að starfa og fara eftir við afgreiðslu mála til þess að regluverkið þjónaði tilgangi sínum. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að stjórn félagsins var skipuð aðilum með sérfræðipækkingu á rekstri þrotabúa og fullnustu eigna.

Að mati stjórnar Lindarhvals ehf. var regluverk það sem sett var um starfsemi félagsins og samþykkt var af stjórn þess að fullu virkt við ákvarðanatöku og framfylgt að öllu leyti á meðan samningur félagsins og ráðherra var í gildi. Stjórn félagsins áréttaði þannig við Ríkisendurskoðun að regluverk sem sett var um starfsemi félagsins var sniðið sérstaklega að starfsemi Lindarhvals ehf. og drög undirbúin í fjármála- og efnahagsráðuneyti og unnin frekar í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

## 2.4 Bókhald Lindarhvals ehf.

Stjórn Lindarhvals ehf. gerði samning við Fjársýslu ríkisins um færslu á bókhaldi félagsins en fjallað var um samninginn og gerð hans á fyrstu fjórum stjórnarfundum félagsins. Stjórn Lindarhvals ehf. samþykkti hinn 26. maí 2016 samkomulag við Fjársýslu ríkisins um bókhaldsþjónustu fyrir félagið. Samkomulagið fól í sér að Fjársýslan annaðist eftirfarandi verkefni:

1. Færslu á bókhaldi eftir aðsendum fylgiskjölum.
2. Mánaðarlega afstemmingu bankareiknings.
3. Mánaðarlegt uppgjör.
4. Ársuppgjör og samskipti við endurskoðanda.

Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. var samstarfið við Fjársýslu ríkisins farsælt og aldrei kom „athugasemd eða ábending frá Fjársýslu ríkisins um ófullnægjandi framkvæmd þeirra verkefna sem unnin hafa verið hjá félaginu og snúið hafa að Fjársýslu ríkisins.“

## 2.5 Endurskoðun ársreikninga Lindarhvals ehf.

Með bréfi forseta Alþingis hinn 19. september 2016 sem fjallar um setningu setts ríkisendurskoðanda *ad hoc* til þess að annast endurskoðun og eftirlit með framkvæmd samnings skv. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2016 um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands segir svo:

*„Með vísan til 4. mgr. 13. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga eruð þér hér með settur ríkisendurskoðandi til þess að annast endurskoðun reikninga félagsins [Lindarhvals ehf.] og hafa eftirlit með starfsemi félagsins og framkvæmd ofangreinds samnings.“*

Rekstrarkostnaður Lindarhvals ehf. (án vsk) á árinu 2016 nam samtals 64,4 m.kr. og á árinu 2017 nam hann 76,6 m.kr. Gjöld ársins 2018 hljóða upp á 35,8 m.kr. Þannig nemur heildarrekstrarkostnaður Lindarhvals ehf. um 176,9 m.kr. Fjármunir til að mæta öllum útgjöldum félagsins voru bornir af söluandvirði stöðugleikaframlagseigna skv. 5. gr. samnings 24 Lindarhvoll ehf.



um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf.

**Tafla 2.1 Úr ársreikningum Lindarhvols ehf.**

Í m.kr.	2016	2017	2018	<b>Samtals</b>
<b>a) Aðkeypt sérfræðipjónusta skv. verksamningi við Íslög ehf. (án vsk)</b>	36.373	36.207	7.234	<b>79.814</b>
<b>b) Stjórnarlaun og tengd gjöld</b>	14.097	16.632	1.502	<b>32.231</b>
<b>c) Eftirlit með framkvæmd samnings (án vsk)</b>	1.356	19.280	20.333	<b>40.969</b>
<b>d) Endurskoðun ársreiknings (án vsk)</b>	1.170	780	720	<b>2.670</b>
<b>e) Annað</b>	11.405	3.747	6.049	<b>21.201</b>
<b>Samtals</b>	<b>64.401</b>	<b>76.646</b>	<b>35.838</b>	<b>176.885</b>

*Heimild: Ársreikningar Lindarhvols ehf.*

Settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* áritaði ársreikninga fyrir Lindarhvol ehf. vegna árána 2016 og 2017 án athugasemda. Endurskoðandi hjá Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings vegna ársins 2018 og áritað hann án athugasemda.

### 3. Umsýsla, fullnusta og sala stöðugleikaeigna

Tilgangur Lindarhvals ehf. var að annast umsýslu, fullnustu og sölu á stöðugleikaframlagseignum. Áhersla var lögð á að hámarka virði þessara eigna fyrir ríkissjóð. Þannig var stefnt að því að greiðslur vegna þeirra næmu að lágmarki bókfærðu virði þeirra. Félagið náði miklum árangri í þessu tilliti, enda jukust verðmæti stöðugleikaframlagseigna á starfstíma félagsins um ríflega 73 ma.kr.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti mat virði bókfærðra stöðugleikaframlagseigna áður en félagið Lindarhvoll ehf. var stofnað og nam það alls 384,3 ma.kr. Að teknu tilliti til greiðsluflæðis undirliggjandi stöðugleikaframlagseigna þegar Lindarhvoll ehf. tók til starfa 29. apríl 2016 nam bókfært virði eigna í beinni umsýslu félagsins alls 58,6 ma.kr.:

#### 3.1 Bókfært virði stöðugleikaframlagseigna í umsýslu Lindarhvals ehf.

Í töflu 3.1. er að finna yfirlit yfir bókfært virði stöðugleikaframlagseigna í umsýslu Lindarhvals ehf.

**Tafla 3.1 Bókfært virði stöðugleikaframlagseigna í umsýslu Lindarhvals ehf.**

<b>Samtals bókfært virði stöðugleikaframlagseigna í upphafi</b>	<b>384,3 ma.kr.</b>
<i>Bókfært virði eignarhluts í Íslandsbanka hf.</i>	-184,8 ma.kr.
<i>Skuldabréf Kauppings ehf.</i>	-84 ma.kr.
<i>Afkomuskiptasamningur vegna Arion banka hf.</i>	-19,5 ma.kr.
<i>Greiðslur á stöðugleikareikning til 29. apríl 2016</i>	-37,4 ma.kr.
<b>Samtals bókfært virði eigna í umsýslu Lindarhvals ehf.</b>	<b>58,6 ma.kr.</b>

*Heimild: Lindarhvoll ehf.*

Strax á fyrsta stjórnarfundum Lindarhvals ehf. var ákveðið að hefjast handa við sölu á skráðum skuldabréfum og hlutabréfum og tekin ákvörðun um að senda á öll þau fyrirtæki sem höfðu leyfi til kauphallarviðskipta og óska eftir tilboðum til að selja skráðar eignir í umsýslu félagsins. Það reyndist nauðsynlegt sökum þess að Lindarhvoll ehf. hafði ekki kauphallarleyfi en slíkt leyfi er forsenda þess að hægt sé að selja bréf sem eru á skráðum markaði. Félagið leitaði til Ríkiskaupa til að afla tilboða í sölu á eignarhlutum í félögum á markaði.

Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. var um virka eignastýringu að ræða vegna allra stöðugleikaframlagseigna í umsýslu félagsins allt frá upphafi á grundvelli samnings milli

ráðherra og félagsins og þá bæði vegna framseldra eigna og svokallaðra skilytrtra fjársópseigna. Skilyrtar fjársópseignir eru eignir sem voru í eign, vörslu og umsýslu slitabúanna en andvirði þeirra, í formi reiðufjár, rann til ríkissjóðs eftir því sem það féll til. Þá segir einnig í upplýsingum frá félaginu:

*„Hefur eignastýring félagsins falið í sér daglega umsýslu stöðugleika-eignanna frá því að stöðugleikasamningar við slitabúin tóku gildi fram til þess tíma að þær voru seldar, þeim ráðstafað eða uppgreiðsla átti sér stað. Sú daglega umsýsla hefur falið m.a. í sér að haldið hefur verið utan um allt greiðsluflæði sem borist hefur vegna stöðugleikaeignanna, unnið hefur verið að endurskipulagningu lánaeigna sem komnar voru eða fóru í vanskil og þörfnuðust frekari endurskipulagningar, með hliðsjón af samþykktum reglum félagsins. Gætt var að innheimtu skulda, lána og krafna sem og almennum samskiptum við lántaka. Jafnframt var nauðsynlegt að tryggja öll réttindi vegna margvíslegra krafna á hendur hinum ýmsu þrotabúum, mæta á kröfuhafafundi, tryggja greiðslur og taka ákvarðanir varðandi ýmis málefni sem að þeim snúa sem kröfuhafi viðkomandi aðila.“*

### 3.2 Nokkur atriði til skoðunar

Ríkisendurskoðun hefur farið yfir þær reglur sem stjórn Lindarhvals ehf. setti sér og telur þær vera málefnalegar og til þess fallnar að gæta hlutlægni í störfum félagsins.

Eftirtalin atriði úr reglum<sup>3</sup> voru einkum höfð til hliðsjónar við mat og eftirlit:

- 3.2 Gera skal úttekt á eignum þegar í stað og skal meta með hvaða hætti skuli undirbúa þær í sölumeðferð.
- 3.4 Sala eða önnur ráðstöfun eigna skal eiga sér stað að undangengnu opnu tilboðsferli, þar sem gætt skal gagnsæis og jafnræðis bjóðenda.
- 3.7 Sé það metið svo að tilteknum eignum verði með engu móti ráðstafað að undangengnu opnu tilboðsferli, t.d. vegna þess að slíkt sölufarli er talið óframkvæmanlegt vegna eðlis eignanna skal leggja tillögu þess efnis fyrir stjórn félagsins. Er stjórn félagsins heimilt að víkja frá þessari meginreglu, enda sé það gert á formlegan hátt á grundvelli skriflegs rökstuðnings og að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.
- 3.9 Fasteignir sem til meðferðar eru hjá félaginu skulu settar í sölumeðferð hjá tveimur eða fleiri löggiltum fasteignasölum um leið og ríkissjóður hefur öðlast full umráð eignarinnar og eignin hefur verið rýmd ásamt því að gerðar hafa verið viðeigandi ráðstafanir til að koma eign í söluhæft ástand til að hámarka söluverðmæti eignarinnar. Sýning eigna er alfarið á ábyrgð fasteignasala og ber honum að auglýsa eignina á þekktum fasteignavef.
- 3.11 Við ákvörðun á ásettu verði fasteignar við sölumeðferð hennar þá skal framkvæmdastjóri með hliðsjón af mati að lágmarki tveggja fasteignasala (eins utan höfuðborgarsvæðisins), leggja fyrir stjórn til endanlegrar ákvörðunar hvert ásett verð hennar eigi að vera. Í vissum tilvikum er heimilt að setja

<sup>3</sup> Númer hér á eftir taka mið af númerum í reglum um umsýslu, fullnustu og sölu framseldra eigna.

fasteignir í sölumeðferð og óska eftir tilboðum í eignirnar, eftir samþykki stjórnar. Fasteignir skulu að lágmarki vera í sölumeðferð í tuttugu daga áður en hæsta tilboði er tekið.

- 4.1 Tryggja skal hagkvæmni við sölu eigna. Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar. Mat á því hvað telst vera hæsta verð miðast við staðgreiðsluverð.
- 4.2 Þegar eign hefur verið sett í sölumeðferð samkvæmt reglum þessum skulu tilboðin lögð fyrir stjórn til endanlegrar samþykktar eða synjunar í samræmi við starfsreglur stjórnar og á grundvelli samnings um umsýslu, fullnustu og sölu eigna á milli fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og félagsins.
- 5.1 Stjórnarmönnum eða starfsmönnum er óheimilt að kaupa eignir sem eru til sölumeðferðar hjá félaginu.
- 5.2 Meginreglan er sú samkvæmt reglum þessum að almennt eru aðrar eignir ekki teknar upp í sem hluti greiðslu kaupverðs. Meti félagið að nauðsynlegt sé að taka aðra eign upp í sem hluta greiðslu til að hámarka verðmæti eignarinnar skal sú beiðni lögð fram til samþykktar í stjórn félagsins.
- 5.3 Óheimilt er að veita veðleyfi nema það sé skilyrt með þeim hætti að allt andvirði láns sem kaupandi tekur vegna veðleyfisins renni óskipt til greiðslu á kaupverði. Fullnægi hið skilyrta veðleyfi fyrrnefndum skilyrðum er framkvæmdastjóra heimilt að veita slíkt veðleyfi hverju sinni.
- 5.4 Heimilt er að leigja út eignir og skal þá leitast við að fá markaðsleigu fyrir viðkomandi eign.

Samkvæmt svörum frá Lindarhvoli ehf. var mismunandi verklag viðhaft af hálfu félagsins við mat á lágmarksverði sem félagið setti sér fyrirfram við sölu eigna og miðaðist það við eðli þeirra eigna sem settar voru í sölu á hverjum tíma á grundvelli hinna samþykktu reglna. Upphafsviðmið við lágmarksverð var ávallt bókfært virði einstakra eigna eins og það var við yfirfærslu til ríkissjóðs. Ástæða þessa verklags er að bókfært virði einstakra eigna byggði á mati þeirra slitabúa sem framseldu tilteknar eignir og gera þurfti ráð fyrir að slitabúin hafi búið yfir sérþekkingu á verðmati þeirra eigna og að verðmat þeirra hafi verið notað í reikningum viðkomandi slitabúa undanfarin átta ár.

Verklag Lindarhvols ehf. var síðan með þeim hætti að stjórn félagsins, sem var lögum samkvæmt skipuð einstaklingum sem hafa sérþekkingu á starfsemi og eignum í umsýslu félagsins, mat sjálfstætt á grundvelli sérþekkingar sinnar lágmarksverð einstakra eigna. Í þessu sambandi er vakin athygli á að við lagasetningu á breytingu á bráðabirgðaákvæði við lög um Seðlabanka Íslands var lögð áhersla á að stjórn félagsins væri skipuð sérfræðingum á því sviði sem snýr að stöðugleikaeignum og var það gert með hliðsjón af ábyrgð og verksviði stjórnar félagsins. Stjórn Lindarhvols ehf. leitaði enn fremur eftir aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga og ráðgjafa við verðmat tiltekinna eigna.

Taka ber fram að reglur Lindarhvols ehf. um umsýslu, fullnustu og sölu eigna byggja á þeirri grundvallarforsendu að allar eignir fari í opið sölufarli. Þannig skyldi lögð áhersla á hagkvæmni, með því að leitað skuli hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar í opnu sölufarli og með

vísan til þess liggur fyrir að með sölu í opnu söluferli er tryggt að markaðsverð fái fyrir tiltekna eignir á hverjum tíma. Þá hefur stjórn Lindarhvals ehf. einnig haft til hliðsjónar það skýra markmið sem kemur fram í samningi félagsins við ráðherra að það skuli flýta sölu eigna og endurheimt krafna eins og kostur er.

Hvað varðar verklag við mat einstakra stjórnarmanna og starfsmanna er varðar vanhæfi við meðferð mála þá viðhafði stjórn félagsins það verklag að stjórnarmenn fylltu út sérstakt skjal samkvæmt starfsreglum stjórnar um þá aðila sem tengdir eru stjórnarmönnum og getur varðað vanhæfi þeirra í tilteknum málum. Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. komu ekki upp álitamál um vanhæfi einstakra stjórnarmanna.

Í fundargerðum stjórnar þar sem til ákvörðunar voru sölur eigna var bókað efnislega á þann veg að í samræmi við reglur félagsins um sölu eigna þá fór stjórn Lindarhvals ehf. ítarlega yfir hvert og eitt tilboð sem barst innan tilboðsfrests. Stjórnin lagði mat á framlögð tilboð með hliðsjón af öllum þáttum þeirra og á grundvelli þeirra atriða sem reglur félagsins gera ráð fyrir við slíkt mat.

Ríkisendurskoðun hefur skoðað allar eignasölur sem Lindarhvoll ehf. hafði umsjón með og kannað hvort söluverð væri hærra eða lægra en bókfært virði viðkomandi stöðugleikaeignar. Í þeim tilvikum þegar söluverð var lægra var óskað eftir skýringum frá stjórnendum Lindarhvals ehf. sem reyndust fullnægjandi. Skoðun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að reglum félagsins var fylgt við eignasölur þess.

### 3.3 Varasjóðir, fjársópseignir og rekstrarsjóðir

Samningar Seðlabanka Íslands við slitabúin gera ráð fyrir að stofnaðir séu svonefndir varasjóðir, annars vegar til að tryggja efndir á ágreiningskröfum sem eru hluti af stöðugleikaeignum ríkissjóðs og til að mæta greiðslum á mögulegum kröfum í íslenskum krónum. Enn fremur til greiðslu innlands kostnaðar á árinu 2015 til ársloka 2018.

Fjársópseignir eru eignir sem ekki eru framseldar ríkissjóði og eru í eigu, vörslu og umsýslu slitabúanna sem skuldbinda sig til að greiða endurheimtur í íslenskum krónum vegna þeirra til ríkissjóðs eftir því sem þær falla til.

Í 5. gr. samnings fjármála- og efnahagsráðherra við Lindarhvol ehf. er kveðið á um að félagið hafi eftirlit og umsjón með fjársópseignum. Samningar slitabúanna við Seðlabanka Íslands gera ráð fyrir að tiltekna stöðugleikaeignir sem voru í vinnslu hjá slitabúunum vegna mála sem voru óuppgerð skyldu vera áfram í eigu og vörslu þeirra. Samtals var ráðstafað til þessara viðfangsefna 11,8 ma.kr. Því til viðbótar voru lagðir til hliðar 14,3 ma.kr. til að mæta rekstrarkostnaði slitabúanna frá gildistöku samninganna til ársloka 2018. Þá gerðu samningar ráð fyrir að endanlegt uppgjör sjóðanna yrði eigi síðar en í árslok 2018.

Samkvæmt yfirliti Lindarhvals ehf. um einstakar stöðugleikaeignir var virði fjársópseigna áætlað 4,9 ma.kr. Til ársloka 2017 höfðu slitabúin greitt samtals 13,3 ma.kr. til ríkissjóðs sem er 8,4 ma.kr. umfram áætlun. Frávikin skýrast fyrst og fremst af hærri skattendurgreiðslum og vegna betri endurheimta af fjársópseignum.

Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. fór umsýsla fjársópseigna fram á reglubundnum fundum:

*„með hverju og einu slitabúi með það að markmiði að tryggja sem best hagsmuni ríkissjóðs varðandi einstakar eignir sem falla undir þann flokk stöðugleikaeigna. Hafa verið teknar ákvarðanir varðandi frekari aðgerðir og þá jafnframt leyst úr ágreiningsmálum milli aðila vegna undirliggjandi skilyrtra stöðugleikaeigna, þá sérstaklega hvernig og með hvaða hætti verðmæti skiptast á milli aðila samkvæmt og á grundvelli fyrirliggjandi stöðugleikasamninga við einstök slitabú.“*

Þannig hafi með góðu samstarfi við einstök slitabú náðst góður árangur í endurheimtum þeirra verðmæta sem lágu að baki fjársópseignum og tókust endurheimtur vegna þeirra langt á undan áætlun.

### **3.4 Staða stöðugleikaeigna við lok starfsemi Lindarhvols ehf.**

Á starfstíma sínum kom Lindarhvoll ehf. langstærstum hluta þeirra eigna sem félaginu var falin umsýsla með í laust fé sem ráðstafað var inn á stöðugleikareikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Þó stóðu fáeinar eignir eftir sem félagið taldi ekki hagkvæmt að selja við lok starfsemi þess hinn 7. febrúar 2018:

*„enda væri ekki með því náð því markmiði að hámarka verðmæti þeirra ríkissjóði til hagsbóta. Er það álit stjórnar Lindarhvols ehf. að það skuli heldur bíða eftir lokagjalddaga eða uppgreiðslu lánaeigna, eða bíða endanlegra endurheimta vegna annarra eigna. Mun uppgreiðsla þeirra þannig eiga sér stað með greiðslu beint inn á stöðugleikareikning ríkissjóðs.“*

Tafla 3.2 var tekin saman í janúar 2018 þegar verkefnum Lindarhvols ehf. var að mestu lokið. Hún sýnir bókfært virði stöðugleikaeigna á þeim tímapunkti og áætlað virði þeirra eigna sem eftir stóðu. Af töflunni að dæma er ljóst að áætlað virði stöðugleikaeigna jókst um 75,9 ma.kr. á starfstíma Lindarhvols ehf. Þar af jókst verðmæti Íslandsbanka hf. um 44,7 ma.kr., sem eru samanlagðar arðgreiðslur bankans á tímabilinu<sup>4</sup>. Verðmæti framseldra eigna jókst um alls 11,0 ma.kr.

<sup>4</sup> Fjársýsla ríkisins hefur í ríkisreikningi fært verðmæti eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka hf. niður í 80% af bókfærðu verðmæti eigin fjár og byggir þar á tillögu frá Bankasýslu ríkisins í apríl 2018. Þar var m.a. horft til þess hvert væri markaðsvirði hlutabréfa í evrópskum bönkum um þær mundir og söluverðs í viðskiptum með hlutabréf í Arion banka hf. á árinu 2017. Í árslok 2018 var eigið fé Íslandsbanka hf. metið á 139,2 ma.kr. í ríkisreikningi.

**Tafla 3.2 Bókfært virði stöðugleikaeigna og áætlaðar virði í lok 2018 (staða í janúar 2018)**

Í ma.kr.	Janúar 2016	Áætl. andvirði 31.12.2018	Eftirst. eigna 31.12.2018	Samtals	Mismunur
<b>Laust fé</b>	<b>17,2</b>	<b>20,9</b>	<b>0,0</b>	<b>20,9</b>	<b>3,7</b>
<b>Framseldar eignir</b>	<b>60,4</b>	<b>70,9</b>	<b>0,5</b>	<b>71,4</b>	<b>11,0</b>
Skráð hlutabréf	5,9	7,8	0,0	7,8	1,9
Óskráð hlutabréf	4,9	9,1	0,1	9,2	4,3
Skráð skuldabréf	11,1	11,4	0,0	11,4	0,3
Óskráð skuldabréf	1,6	1,7	0,0	1,7	0,1
Lánaeignir	18,6	22,5	0,0	0,0	3,9
Aðrar eignir	18,3	18,5	0,4	18,8	0,6
<b>Skilyrtar fjársópseignir</b>	<b>18,4</b>	<b>25,5</b>	<b>1,9</b>	<b>27,4</b>	<b>9,0</b>
Laust fé	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Varasjóðir	11,8	14,8	0,2	15,0	3,2
Lánaeignir	0,7	1,1	0,0	1,1	0,4
Aðrar eignir	5,9	9,6	1,7	11,3	5,4
<b>Framlag vegna viðskiptabanka</b>	<b>288,2</b>	<b>155,7</b>	<b>184,7</b>	<b>340,4</b>	<b>52,2</b>
Íslandsbanki, hlutafé	184,7	44,7	184,7	229,4	44,7
Veðskuldabréf Kaupþings	84,0	91,5	0,0	91,5	7,5
Afkomuskiptasamningur v/Arion banka	19,5	19,5	0,0	19,5	0,0
<b>Samtals stöðugleikaframlag</b>	<b>384,3</b>	<b>273,0</b>	<b>187,1</b>	<b>460,1</b>	<b>75,9</b>

*Heimild: Lindarhvoll ehf.*

Öllu lausu fé var ráðstafað inn á sérstakan stöðugleikareikning í eigu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Þá voru öll skráð hlutabréf í umsýslu Lindarhvals ehf. seld í opnu sölufurli, síðast allt hlutafé í Lyfju hf. í febrúar 2018. Hluti af óskráðum hlutabréfum var seldur sem og langstærstur hluti skráðra skuldabréfa; hvort tveggja var selt í opnu sölufurli. Þá hefur verið töluvert um uppgreiðslur á óskráðum skuldabréfum og lánaeignum í umsýslu Lindarhvals ehf. Undir flokkinn aðrar eignir falla m.a. nauðasamningskröfur á félög sem voru í slitameðferð og var hluti þeirra seldur á vegum félagsins. Þannig hafa greiðslur vegna þeirrar sölu borist og verið ráðstafað inn á hinn sérstaka stöðugleikareikning ríkissjóðs.

Samkvæmt upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. nemur andvirði þeirra stöðugleikaeigna sem búið er að innleysa alls um 207,5 ma.kr. Eru þá frátalin framlög vegna viðskiptabanka og aðrar óinnleystar eignir. Þessari fjárhæð hefur lögum samkvæmt verið ráðstafað inn á

stöðugleikareikning í eigu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands eins og áður segir og fjármunirnir nýttir til að greiða niður útistandandi skuldir ríkissjóðs, til að mæta tekjutapi vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki og til að fjármagna lífeyrisskuldbindingar.

Eftir að starfsemi Lindarhvals ehf. lauk stóðu eftir 50 eignir (eða eignaflokkar) að verðmæti tæplega 6 ma.kr., sem er um 10% af þeim upphaflegu eignum<sup>5</sup> sem voru í beinni umsýslu félagsins. Hluti af þeim eignum er í þrotabúum og annar hluti er í beinu innheimtuferli. Lindarhvoll ehf. taldi ekki hagkvæmt að setja þær stöðugleikaeignir, sem enn voru eftir í umsýslu félagsins við niðurfellingu samningsins við fjármála- og efnahagsráðherra í opið sölufarli.

Ríkisendurskoðun telur að árangur Lindarhvals ehf. við umsýslu, sölu og fullnustu eigna hafi farið nokkuð fram úr væntingum og skilað ríkissjóði umtalsverðu fé umfram það sem gert var ráð fyrir.

---

<sup>5</sup> Miðað við kröfuverðmæti við yfirfærslu.



## 4. Sérstakar athuganir

### 4.1 Inngangur

Af öllum þeim eignum sem Lindarhvoli ehf. var falin umsýsla á og fullnustaði hefur eingöngu komið fram gagnrýni vegna einnar sölu, þ.e. sölu á eignarhluta í Klakka ehf. og tengdri nauðasamningskröfu á félagið. Einn tilboðsgjafa, fjármálafyrirtæki, gerði athugasemdir við framkvæmd útboðsins til stjórnar Lindarhvals ehf. og var þeim athugasemdum svarað af hálfu stjórnar félagsins. Tilboðsgjafinn gerði ekki frekari athugasemdir.

Einnig kvartaði, annar aðili, A ehf. til umboðsmanns Alþingis ásamt því að óska eftir að settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* gerði úttekt á starfsemi Lindarhvals ehf. Umboðsmaður Alþingis lauk athugun sinni 31. desember 2018 og taldi að þar sem kvörtunin lyti m.a. að því hvort Lindarhvoll ehf. hafi fylgt þeim viðmiðum um gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni sem m.a. koma fram í samningi Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðherra sbr. og ákvæði laga 24/2016, og þess að Alþingi hefði ákveðið að fela Ríkisendurskoðun eftirlit með framkvæmd Lindarhvals ehf. á samningnum, væri ekki tilefni fyrir hann að taka kvörtunina til frekari meðferðar.

Í umfjöllun sinni hefur lögmaður A ehf. haldið því fram að félagið hafi verið tilboðsgjafi í útboði Lindarhvals ehf. á sölu á nauðasamningskröfum og eignarhlutum í Klakka ehf. Samkvæmt gögnum málsins voru bjóðendur þrír lögaðilar. Af þessu má ráða að annar þeirra tveggja bjóðenda sem buðu lægra en hæstbjóðandi hafi boðið í eignina fyrir hönd A ehf. en af gögnum málsins má hvergi ráða að boð hafi verið gert í nafni A ehf. enda er það fyrst eftir að útboðinu er lokið að athugasemdir um framkvæmd útboðsins berast frá félaginu. Ef rétt er að A ehf. hafi verið dulinn tilboðsgjafi og án þess að stjórn Lindarhvals ehf. væri það ljóst er það athugunarvert því með þeim hætti var stjórn Lindarhvals ehf. gert ómögulegt að gæta að hæfi sínu út frá almennum vanhæfisástæðum og samkvæmt reglum félagsins. Gögn málsins bera ekki með sér að A ehf. hafi verið tilboðsgjafi og því tæplega séð hvernig félagið getur átt formlega aðild að málinu.

Af þessu tilefni er rétt að taka fram að ríkisendurskoðandi er hvorki úrskurðaraðili og tekur því ekki afstöðu til þess hvort kvörtunaraðilar eigi tiltekin rétt né hefur ríkisendurskoðandi vald til að beina því að stjórnvöldum eða öðrum þeim sem undir eftirlit hans heyra að taka upp og endurskoða fyrri ákvarðanir. Allt að einu hefur Ríkisendurskoðun kannað framkvæmd útboðsins sem hluta af eftirliti embættisins með störfum stjórnar Lindarhvals ehf. en það eftirlit er ekki sérstaklega vegna kvörtunar A ehf. heldur hluti af því eftirliti sem Ríkisendurskoðun fer með lögum samkvæmt.

### 4.2 Sala eignarhluta í Klakka ehf.

Tvær nauðasamningskröfur á hendur hlutafélaginu Klakka ehf. ásamt tengdri hlutabréfaeign í félaginu töldust til stöðugleikaeigna. Slitabú Kauppings átti aðra kröfuna sem féll undir að teljast framseld eign skv. samkomulagi ríkisins við slitabúið og kom því til umsýslu, fullnustu og sölu hjá Lindarhvoli ehf. Slitabú Glitnis átti hina kröfuna og taldist hún skilyrt fjársópseign skv. samkomulaginu við slitabúið en það fól í sér að eignarhald, umsýsla og ráðstöfun hennar var áfram hjá slitabúinu. Lindarhvoll ehf. hafði ekki beina aðkomu að ráðstöfun skilyrtra fjársópseigna en var á hinn bóginn ætlað hafa ákveðið eftirlit og umsjón með þeim eignum.

Ákvæði í nauðasamningi við Klakka ehf. tryggði kröfuhöfum jafnframt eignarhald og þar með umráð yfir félaginu. Tekið skal fram að kröfunum var skipt í mismunandi flokka (e. *tranches*) eftir því hvaða eignir stóðu þeim að baki til tryggingar og hafði þannig áhrif á verðmæti þeirra.

Hlutfjáreignin í Klakka ehf. sem framseld var ríkinu svarar til 17,77% hlutfjár í félaginu.

#### **4.2.1 Um Klakka ehf.**

Hlutfélagið Klakki ehf. hét upphaflega Exista hf. og var stofnað árið 2001. Félagið var á sínum tíma eitt það verðmætasta á íslenskum hlutfjármarkaði miðað við skráð verð. Það átti m.a. fjórðungshlut í Kaupþingi banka, um 40% í Bakkavör Group og um 44% hlut í Símanum. Einnig átti það hlut í Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) og í finnsku tryggingafélagi.

Félagið var mjög skuldsett vegna örrar stækkunar, verðmæti eignasafns þess reyndist ofmetið og svo fór að það gat ekki staðið í skilum með lán. Þetta varð til þess að félagið komst nær alfarið í eigu íslenskra og erlendra fjármálastofnana og lífeyrissjóða í kjölfar nauðasamninga við kröfuhafa árið 2011. Um leið fékk félagið núverandi nafn. Í árslok 2014 voru 178 hluthafar í Klakka ehf., þar af áttu þrjár meira en 10%, þ.e. Arion banki sem átti 31,8%, Kaupþing banki átti 17,6% og Burlington Loan Management Ltd. (BLM) átti 13,3% hlut.

Helstu eignir Klakka ehf. voru 100% hlutur í Skiptum hf., sem var móðurfélag fjarskipta- og sjónvarpsfyrirtækjanna Símans, Mílu, Skjásins auk annarra minni félaga, 23% hlutur í VÍS og 100% hlutur í eignaleigufyrirtækinu Lýsingu hf. Eignarhlutar félagsins í Skiptum hf. voru framseldir kröfuhöfum þess félags við fjárhagslega endurskipulagningu sem lauk á árinu 2013. Skipti hf. og Síminn hf. voru síðar sameinuð undir nafni þess síðarnefnda. Þá seldi félagið eignarhlut sinn í VÍS árið 2014. Sama ár keypti Lýsing eignaleigusvið MP banka sem bar heitið Lykill og sameinaði það starfsemi sinni. Árið 2017 var nafni Lýsingar síðan breytt í Lykill fjármögnun hf. en það félag var selt Tryggingamiðstöðinni (TM) árið 2019.

#### **4.2.2 Söluferli á eignarhluta í Klakka ehf.**

Hinn 29. september 2016 auglýsti Lindarhvoll ehf. til sölu eignarhlut í Klakka ehf. og nauðasamningskröfu á hendur félaginu. Um leið voru eignarhlutir og tengdar kröfur í Glitni Holdco ehf. og Gamla Byr-Eignarhaldsfélagi ehf. boðnir til sölu.

Um var að ræða opið söluferli þar sem öllum áhugasömum aðilum var boðið að skila inn skuldbindandi tilboðum með fullnægjandi undirritun á tiltekið netfang á vefsvæðinu *lindarholleignir.is* fyrir kl. 16.00, föstudaginn 14. október 2016. Öllum fyrirspurnum skyldi beint skriflega til Lindarhvols ehf. og þess óskað að þær yrðu sendar á þetta sama netfang en fyrirspurnum var ekki svarað í síma, enda skyldu öll svör vera skrifleg.

Í tilkynningu á vefsvæði Lindarhvols ehf. kom fram að söluferlið byggði á samþykktum reglum um sölu eigna ríkissjóðs sem eru í umsýslu Lindarhvols ehf., þar sem fram kemur að við sölu eigna skuli leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. Með hagkvæmni væri átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar. Söluferlið væri opið öllum aðilum gegn undirritun þeirra á trúnaðaryfirlýsingu og skilmálabréfi. Þeim aðilum sem óskuðu eftir frekari upplýsingum var gefinn kostur á að fá senda stutta kynningu ásamt frekari upplýsingum um söluferlið. Samkvæmt upplýsingum frá Lindarholvi ehf. var hér átt við upplýsingar um viðkomandi kröfur en ekki aðrar upplýsingar um félögin en birtust opinberlega.

Af hálfu Lindarhvols ehf. var tekið fram að gera skyldi tilboð í hvert af hinu selda sem til sölu er í heild en ekki hluta þess með neinum hætti. Seljandi myndi hvorki veita kaupanda lán né

greiðslufrest við sölu og gerði ráð fyrir að kaupverðið væri greitt með reiðufé við afhendingu hins selda. Einnig kom fram að þar sem seljandi eignaðist hið selda í tengslum við uppgjör á stöðugleikaframlagi myndi hann hvorki samþykkja skaðleysisyfirlýsingar né veita ábyrgðar-yfirlýsingar vegna sölnnar. Engir frekari skilmálar eða kröfur voru settar gagnvart bjóðendum. Það var þannig á forræði og ábyrgð bjóðenda að afla allra nauðsynlegra upplýsinga um þær eignir sem þarna voru boðnar til kaups. Bjóðendur gerðu ekki formlegar athugasemdir við fyrirkomulag sölnnar fyrir lok tilboðsfrests.

Við sölu lá ekki fyrir annað verðmat á Klakka ehf. heldur en það sem fram kom í viðauka við samning ríkisins við slitabúin eftir að umsýsla félagsins fluttist til Lindarhvals ehf. Fram hefur komið af hálfu stjórnar Lindarhvals ehf. að viðmið hennar um lágmarksverð við sölu hafi verið „virði eignarinnar við framsal, samkvæmt viðauka við viðkomandi stöðugleikasamning, að teknu tilliti til greiðsluflæðis af eigninni ásamt öðrum viðmiðunum sem stjórnin hefur gert grein fyrir.“ Það merkir að lágmarksverðið vegna eignarinnar sem slitabú Kaupþings afhenti var 308,2 m.kr. Þegar eignin var boðin til sölu en hugsanlegir bjóðendur voru ekki upplýstir um lágmarksverðið við sölu.

Lindarhvoli ehf. bárust fyrirspurnir frá 23 aðilum í tölvupósti og voru þeim sendar upplýsingar um félagið og söluferlið. Þegar til kastanna kom bárust þrjú tilboð, frá jafnmörgum tilboðsgjöfum, rafrænt fyrir lok tilboðsfrestsins og voru þau öll mjög hliðstæð. Eitt tilboð barst skömmu eftir lok tilboðsfrests og var þar af leiðandi ekki tekið til greina.

- BLM fjárfestingar ehf. átti hæsta tilboðið að fjárhæð kr. 505.000.161
- Annað hæsta tilboðið var að fjárhæð kr. 502.000.000
- Þriðja hæsta tilboðið var að fjárhæð kr. 500.950.431

Tilboðið sem barst of seint var breytt tilboð frá bjóðanda sem átti þriðja hæsta tilboðið og barst Lindarhvoli ehf. með tölvupósti kl. 16:27, þ.e. tæpum hálf tíma eftir að tilboðsfrestur rann út.

Málefni Klakka ehf. voru til umfjöllunar á sex stjórnarfundum Lindarhvals ehf. Á stjórnarfundum félagsins hinn 20. október 2016 var eftirfarandi m.a. bókað:

*„Í samræmi við reglur félagsins um sölu eigna þá fór stjórn Lindarhvals ehf. aftur ítarlega yfir hvert og eitt tilboð sem barst innan tilboðsfrests. Stjórn lagði mat á framlögð tilboð með hliðsjón af öllum þáttum þeirra og á grundvelli þeirra atriða sem reglur félagsins gera ráð fyrir við slíkt mat. Var það mat stjórnar Lindarhvals ehf. að hagkvæmasta tilboðið í söluferlinu hafi verið frá BLM fjárfestingum ehf. Jafnframt er það mat stjórnar Lindarhvals ehf. að framangreint tilboð sé verulega hærra en sambærilegar kröfur hafa verið seldar á á markaði undanfarið. Með þessari sölu sé því að öllu leyti fullnægt því meginmarkmiði við sölu eigna á grundvelli samþykktra reglna Lindarhvals ehf., þar sem segir að leggja eigi áherslu á hagkvæmni með því að leitað skuli hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar í opnu söluferli.“*

Í samningi um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna á milli fjármálaráðherra og Lindarhvals ehf., dags. 29. apríl 2016, kemur fram að:

*„Félagið [Lindarhvoll ehf.] skal taka hæsta tilboði í hverri sölu enda sé það yfir því lágmarksverði sem félagið hefur sett sér fyrirfram. Ef þörf krefur getur*

*félagið leitað til viðurkenndra, óháðra sérfræðinga eða ráðgjafa við verðmat tiltekinna eigna eða við samanburð og mat á tilboðum.“*

Í samræmi við skilmála söluférlisins og starfsreglur Lindarhvols ehf. gekk stjórnin að hæsta tilboðinu í Klakka ehf. en það átti BLM fjárfestingar ehf. eins og komið hefur fram. Var tilboðsgjöfum tilkynnt um niðurstöðu söluférlisins og hún síðan birt á heimasíðu Lindarhvols ehf. 11. nóvember 2016.

Að mati stjórnar Lindarhvols ehf. var besta aðferðin til að komast að því hvert væri raunverulegt verðmæti eignanna að setja þær í opið söluférlu, samkvæmt og á grundvelli skýrra ákvæða laga, samningsákvæða og reglna félagsins. Það hafi verið gert og hæsta tilboðinu tekið. Sú staðreynd að tilboðin sem bárust hafi öll verið mjög svipuð gefi greinilega til kynna að þeir fjárfestar sem gerðu tilboð hafi metið verðmæti eignanna með sambærilegum hætti út frá fyrirliggjandi gögnum og áhættuþáttum sem fyrir lágu vegna reksturs, útgreiðslna og annarrar óvissu sem sneru að nauðasamningi Klakka ehf. Því til viðbótar bendir stjórnin á að söluférlin hafi verið hærra en viðskipti annarra aðila sem átt höfðu sér stað með sömu eignir.

Tekið skal fram að Lindarhvoll ehf. annaðist sjálfst sölur þeirra eigna sem hér um ræðir í stað þess að ráða til þess fjármálaframtækis eða annan aðila. Í því sambandi vísar stjórn félagsins til þess að það hafi beinlínis verið tilgangur félagsins að annast umsýslu og sölu eigna. Félagið hafi starfað á grundvelli samnings við fjármála- og efnahagsráðherra, samþykka félagsins og samþykka reglna stjórnar félagsins auk reglna um umsýslu, fullnustu og sölu eigna og síðareglana. Þá hafi í upphafi verið gert ráð fyrir að í stjórn félagsins settust sérfræðingar á því sviði sem féll undir verksvið þess. Félaginu hafi að vísu verið veitt sérstök heimild til að semja við þriðja aðila um þjónustu á sölu á tilteknum eignum þó meginreglan væri sú að félagið ætti sjálfst að sjá um sölu eigna, þ.e.a.s. undirbúa sölu eignanna eða aðra ráðstöfun þeirra, leita tilboða, meta tilboð, hafa umsjón með samningaviðræðum við væntanlega kaupendur og annast samningagerð eins og getið er í samningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

#### **4.2.3 Kvörtun eins bjóðanda vegna söluférlisins**

Einn tilboðsgjafanna gerði athugasemdir við framkvæmd útboðsins í bréfi til stjórnar Lindarhvols ehf. dags. 18. október 2016 og eru þær í fjórum liðum:

- a) Þau gögn sem auglýst hafði verið í tilkynningu á vef Lindarhvols ehf. að yrðu afhent í tengslum við söluférlin voru ekki afhent en það voru skilmálablað og stutt kynning á eignunum.
- b) Ekki var mögulegt að fá upplýsingar um skilmála kröfunnar sem tengd var eignarhlutum í Klakka nema hvað um væri að ræða „nauðasamningskröfu“ í umsjón Wilmington skv. „Composition Debt Agreement“ en efni þess samnings og skilmálar komu hvergi fram í þeim gögnum sem fjárfestar höfðu aðgang að í söluférlinu.
- c) Engar upplýsingar um mögulega tímalínu söluférlisins voru veittar.
- d) Fjárfestum var ekki boðið að vera viðstaddir opnun tilboða.

Af hálfu Lindarhvols ehf. var daginn eftir, þ.e. 19. október 2019, farið yfir ofangreindar athugasemdir og þeim svarað í kjölfarið. Þar kemur m.a. fram að umræddum bjóðanda hafi verið send þau gögn sem vísað var til þegar eftir því var leitað. Um hafi verið að ræða stutta kynningu á söluférlinu og ljóst hefði verið að ekki yrði um að ræða ítarlega eða nákvæma kynningu á eignunum. Allir aðilar hafi fengið sömu kynninguna. Þar sem engar trúnaðarupplýsingar hafi verið veittar af hálfu Lindarhvols ehf. vegna söluférlisins heldur

eingöngu vísað til opinberra upplýsinga um félagið hafi engin ástæða verið til að senda eða óska eftir undirritun á trúnaðaryfirlýsingu eða skilmálabréfi.

Að því er varðar möguleika á að fá upplýsingar um skilmála kröfunnar hafi skýrt komið fram í kynningunni sem send var að um sé að ræða nauðasamningskröfu að ákveðinni fjárhæð og sérstaklega hafi verið tilgreint að um Tranche F væri að ræða. Þá hafi Lindarhvoll ehf. í svörum við tölvupóstum bjóðandans útskýrt um hvers konar kröfu væri að ræða og hvorki hafi verið gerðar athugasemdir við þær útskýringar af hálfu bjóðandans né með neinum hætti verið óskað frekari skýringa eða upplýsinga. Bjóðandinn hafi síðan augljóslega talið sig hafa haft fullnægjandi upplýsingar til að gera skuldbindandi tilboð í kröfuna án nokkurra fyrirvara varðandi hana.

Stjórn Lindarhvals ehf. hafnaði einnig þeirri fullyrðingu að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar um mögulega tímalínu sölufelisins og er fullyrðingin beinlínis sögð röng. Þá segir að ítrekað hafi komið fram í öllum gögnum málsins að senda átti tilboð á tiltekið netfang og að öllum bjóðendum hafi mátt vera ljóst að ekki væri gert ráð fyrir að opnun tilboða yrði að þeim viðstöddum. Hvorki sá bjóðandi sem kvartaði né aðrir bjóðendur hafi gert athugasemd við þetta fyrirkomulag þegar það var kynnt og þá hafi þeir ekki krafist þess að vera viðstaddir opnun tilboða.

Stjórn Lindarhvals ehf. sendi frá sér athugasemdir vegna umfjöllunar um um söluna í fjölmiðlum til að koma á framfæri leiðréttingum við rangfærslum og misskilningi í þeim fréttaflokkningi.

#### **4.2.4 Kvörtun A ehf.**

Lögmaður A ehf. sendi settum ríkisendurskoðanda *ad hoc* þann 16. desember 2016 beiðni um úttekt á starfsemi Lindarhvals ehf. vegna sölu á nauðasamningskröfum og eignarhlutum í Klakka ehf. Í þeirri beiðni kemur fram að sölufarli á Klakka ehf. hafi ekki verið í samræmi við auglýsingu Lindarhvals ehf. og að eignarhluturinn hafi verið boðinn upp án þess að hagstætt árshlutauppgjör Klakka ehf. hafi verið kynnt kröfuhöfum. Eins og rakið var hér að framan kvartaði A ehf. einnig til umboðsmanns Alþingis vegna sölu Lindarhvals ehf. á umræddum eignum. Í kvörtun til umboðsmanns kemur fram að félagið hafi verið einn af tilboðsgjöfum í útboði Lindarhvals ehf. á nauðasamningskröfum og eignarhlutum í Klakka ehf. en tilboði þess hafi hins vegar ekki verið tekið. Þá vísar A ehf. til þess að félagið hafi ekki fengið tiltekna upplýsingar sem auglýst var að tilboðsgjafar myndu fá, fyrirspurnum þeirra til Lindarhvals ehf. hafi verið svarað seint og illa eða ekki yfir höfuð. Þá er kvartað yfir því að ekki hafi verið gætt leyndar um tilboðin og tilboð ekki opnuð að viðstöddum bjóðendum eða gerðar aðrar sambærilegar ráðstafanir til að tryggja gagnsæi. A ehf. bendir einnig á að sá lögmaður sem kom fram fyrir hönd Lindarhvals ehf. í sölufelinu hafi setið í stjórn Klakka ehf. og þar með haft tengsl við stærsta eiganda og lánveitanda þess félags, sem jafnframt var sá tilboðsgjafi sem keypti að lokum eignina.

#### **4.2.5 Mat setts ríkisendurskoðanda *ad hoc* á söluvirði Klakka ehf.**

Í bréfi til stjórnar Lindarhvals ehf. dags. 4. desember 2017 og í vinnuskjali frá júlí 2018 birti settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* útreikning á mögulegu söluvirði Klakka ehf. sem byggður var á ársreikningi og árshlutareikningi Klakka ehf. auk tiltekinna leiðréttinga sem ætlað var að endurspegla breytingar á fjárhagsstöðu félagsins til söludags. Miðað við gefnar forsendur taldi settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* að mögulegt væri að meta virði eignarhlutar ríkissjóðs á bilinu 881-952 m.kr. Settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* benti jafnframt á í áður nefndu bréfi til Lindarhvals ehf. að þær ályktanir sem unnt væri að draga um þetta væru ekki einhlítar. Þar gæti

margt komið til svo sem að bókfært verð reikningsskila Klakka ehf. endurspeglaði hvergi nærri hæfilegt gangvirði á eignum fyrirtækisins og þá hafi við ofangreint mat ekki verið tekið tillit til ónýttar skattainneignar sem ætla mætti að sé umtalsverð.

### 4.3 Niðurstöður Ríkisendurskoðunar varðandi Klakka ehf.

#### 4.3.1 Söluferlið

Hér framar er lýsing á útboðsferli því sem var viðhaft þegar Lindarhvoll ehf. seldi nauðasamningskröfur og eignarhlut í Klakka ehf. í eigu ríkisins. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að útboðið hafi verið auglýst með venjubundnum hætti og var það opið öllum sem áhuga höfðu á að senda tilboð. Ríkisendurskoðun hefur við skoðun sína ekki orðið vör við hnökra á framkvæmd þess, auglýsingu, tilboðsgerð eða öðrum atriðum.

Samkvæmt framanrituðu verður ekki annað séð en að framkvæmd útboðsins hafi verið í samræmi við það sem tíðkast um framkvæmd slíkra útboða og í samræmi við útboðslýsingu Lindarhvols ehf. Engar formlegar athugasemdir voru gerðar af hálfu bjóðenda áður en tilboðsfrestur rann út. Einn tilboðsgjafa hefur gagnrýnt tiltekin atriði eftir að tilboðsfrestur rann út eins og rakið hefur verið. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur stjórn Lindarhvols ehf. svarað þeirri gagnrýni með fullnægjandi hætti. Þá verður jafnframt að hafa í huga að þrátt fyrir þá annmarka sem A ehf. hefur talið vera á útboðinu þá taldi það félag sér engu að síður fært að skila inn skuldbindandi tilboði í eignina ef marka má fullyrðingar lögmanns félagsins en eins og rakið hefur verið styðja gögn málsins ekki að annar aðili hafi gert tilboð í eignina fyrir hönd A ehf. Ríkisendurskoðun tekur því ekki undir þær athugasemdir sem fram hafa komið vegna sölu á þessari eign.

#### 4.3.2 Söluverðmæti

Ríkisendurskoðun hefur einnig kannað söluverðmæti hlutarins í Klakka ehf. með það fyrir augum að meta hvort hann hafi verið seldur á ásættanlegur verði.

Þrjár aðilar skiluðu tilboðum í eignarhlut ríkisins í Klakka ehf. og tengda kröfu á hendur félaginu. Öll tilboðin bárust skömmu fyrir lok útboðsfrests og voru öll á mjög svipuðum nótum. Þannig munaði aðeins um 1% á hæsta og lægsta tilboði. Tæplega hálf tíma eftir að tilboðsfresti lauk óskaði einn tilboðsgjafa að hækka tilboð sitt en því var réttilega vísað frá af hálfu stjórnar Lindarhvols ehf. þar sem það barst eftir að tilboðsfresti lauk.

Innborguð stöðugleikaframlög vegna nauðasamningskrafna á Klakka ehf. og tengdra eignarhluta í félaginu skiluðu ríkissjóði samtals 2.490 m.kr. Umsýsla og sala Lindarhvols ehf. á kröfu og eignarhluta vegna Klakka ehf. skilaði ríkissjóði 197 m.kr. umfram kröfuvirði. Þannig er ljóst að söluverðmæti eignarinnar var tæplega 200 m.kr. hærra en eignin var metin sem stöðugleikaframlag.

Þótt söluverð kröfu ríkisins á Klakka ehf. hafi verið yfir metnu yfirfærsluverði var það á hinn bóginn undir bókfærðu verðmæti eins og mögulegt er að leiða það fram af ársreikningi og árshlutareikningi Klakka ehf. Eins og settur ríkisendurskoðandi *ad hoc* benti á í bréfi sínu til Lindarhvols ehf. í desember 2017 getur margt komið til sem leiðir til þess að bókfært verð endurspegli ekki gangvirði eigna. Að mati Ríkisendurskoðunar verða því ekki dregnar neinar ákveðnar ályktanir af þessum mun enda ræðst raunverulegt virði félagsins af því sem væntanlegir kaupendur eru tilbúnir til að greiða fyrir það. Engu að síður er rétt að benda á að það getur iðulega verið álitamál hvenær rétt sé að selja eignir upp með það fyrir augum að fá sem hæst verð fyrir þær. Þetta er oft háð mati sem getur verið ólíkt eftir því hvaða aðilar eiga

hlut að máli. Ríkisendurskoðun hefur í skýrslu þessari lýst því viðhorfi að Lindarhvoli ehf. gæti hafa verið markaður of skammur starfstími m.a. til að stjórn félagsins hefði svigrúm til að meta hvort sölutími væri heppilegur út frá verðmati þeirra eigna sem koma átti í verð. Þá verður og að hafa í huga það hagræði sem fékkst af hraðari niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs. Stjórn Lindarhvols ehf. leitaðist við að koma eignum í verð á lögbundnum starfstíma félagsins og þau tilboð sem bárust í eignarhluta og nauðasamningskröfur Klakka ehf. voru öll mjög svipuð og verður því að leggja til grundvallar að um markaðsverð hafi verið að ræða á þeim tíma sem eignin var seld. Að öllu þessu virtu verður ekki annað séð en að sala á eignarhlutanum hafi verið í samræmi við markmið Lindarhvols ehf., gildandi reglur og skilyrði sem lög nr. 24/2016 og samningur félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra kváðu á um.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)



# Viðauki 1

## 1. Sundurliðun á ráðstöfun stöðugleikaeigna

Ríkisendurskoðun hefur skoðað allar eignasölur sem Lindarhvoll ehf. hafði umsjón með og kannað hvort söluverð væri hærra eða lægra en bókfært virði viðkomandi stöðugleikaeignar. Í þeim tilvikum þegar söluverð var lægra var óskað eftir sérstökum skýringum frá stjórnendum Lindarhvols ehf. sem reyndust í öllum tilvikum fullnægjandi. Tap af ráðstöfun eigna skýrist m.a. af gengismun og sölulaunum.

Skoðun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að reglum félagsins var fylgt við eignasölur þess.

Taflan sýnir allar stöðugleikaeignir (þ.m.t. fjársópseignir) og niðurstöðu umsýslu þeirra. Vaxtatekjur vegna eignanna eru ekki sýndar en þær runnu inn á stöðugleikareikning ríkissjóðs.

Númer eignar	Upphafsstæða	Innborgað	Lokastæða	Mismunur
1	545.200.000	549.790.440		4.590.440
2	0	0	0	0
3	15.400.000	0	15.400.000	0
4	0	0	0	0
5	14.900.000	0	14.900.000	0
6	10.000.000	0	110.000.000	100.000.000
7	445.000.000	497.090.836	0	52.090.836
8	0	9.561.683		9.561.683
9	0	0	0	0
10	0	0		0
11	7.100.000	0	7.100.000	0
12	4.330.000.000	4.330.223.125	0	223.125
13	0	0	0	0
14	0	0	0	0
15	1.500.000	0	1.500.000	0
16	0	0		0
17	0	0		0
18	0	0	0	0
19	0	0		0
20	0	0		0
21	0	0		0
22	0	0	0	0
23	0	0		0
24	0	0		0
25	0	0	0	0
26	0	0	0	0

27	0	0	0	0
28	0	1.589.343		1.589.343
29	1.651.000.000	0	1.651.000.000	0
30	700.000.000	0	700.000.000	0
31	391.000.000	0	391.000.000	0
32	454.000.000	499.642.569		45.642.569
33	62.000.000	105.000.000		43.000.000
34	0	2.318.925		2.318.925
35	80.000.000	113.597.897		33.597.897
36-37	319.000.000	389.758.158	0	70.758.158
38-39	2.995.000.000	3.982.158.577	0	987.158.577
40	2.307.000.000	2.610.000.000	700.000.000	1.003.000.000
41-42	298.000.000	273.794.511	0	-24.205.489
43	124.000.000	234.834.123		110.834.123
44	162.000.000	199.331.656		37.331.656
45-48	184.770.860.000	44.650.000.000	184.770.860.000	44.650.000.000
49-51	4.000.000	7.522.369	0	3.522.369
52	2.793.000.000	0	4.493.000.000	1.700.000.000
53	496.000.000	900.000.000		404.000.000
54	244.000.000	0	244.000.000	0
55	0	0		0
56	29.000.000	94.819.834		65.819.834
57	227.000.000	244.948.030	0	17.948.030
58	86.000.000	0	86.000.000	0
59	0	384.065.560		384.065.560
60	100.000.000	97.820.527	2.179.473	0
61	0	490.671.276	0	490.671.276
62	80.000.000	145.246.554		65.246.554
63	2.833.000.000	2.381.594.174	451.405.826	0
64	3.700.000.000	3.733.000.000		33.000.000
65-67	12.400.000.000	12.929.220.839	0	529.220.839
68	6.941.000.000	9.681.970.772		2.740.970.772
69	40.000.000	0	40.000.000	0
70	5.000.000	10.508.333		5.508.333
71	284.000.000	300.000.000		16.000.000
72	0	742.054.413		742.054.413
73	2.163.000.000	2.287.822.611		124.822.611
74	2.071.306.000	2.071.261.043		-44.957
75	0	210.177.231		210.177.231
76	0	152.164.782		152.164.782
77	0	0		0

78-80	432.000.000	1.017.496.717	0	585.496.717
81	0	0		0
82	19.000.000	20.000.000		1.000.000
83	164.000.000	164.000.000		0
84	0	41.934		41.934
85	0	1.050.000		1.050.000
86	0	2.076.000		2.076.000
87	0	897.096		897.096
88	0	30.000.000		30.000.000
89	0	534.765		534.765
90	0	25.000.000		25.000.000
91	0	5.214.886		5.214.886
92	0	1.018.526.644		1.018.526.644
103	0	23.549		23.549
104	498.300.000	611.108.361	0	112.808.361
105	6.500.000	6.500.000		0
106-107	14.349.800.000	12.644.557.923	0	-1.705.242.077
108	0	0		0
109	1.900.000	1.900.000		0
110	0	0	0	0
111	0	0		0
112	0	0	0	0
113	0	0		0
114	0	0		0
115	100.000.000	291.141.033	0	191.141.033
116	0	0		0
117	300.000	0	300.000	0
118	0	6.288.633	0	6.288.633
119	0	0	0	0
120	0	12.775.386		12.775.386
121	0	2.131.509		2.131.509
122	0	0		0
123	0	0	0	0
124	3.600.000	21.691.093	0	18.091.093
125	0	0		0
126	438.500.000	494.548.983		56.048.983
127	210.400.000	207.520.376		-2.879.624
128	741.400.000	815.402.225		74.002.225
130	477.000.000	477.000.000		0
131	1.551.400.000	1.748.199.054		196.799.054
132-136	5.446.800.000	10.880.097.399	0	5.433.297.399

137	19.500.000.000	0	19.500.000.000	0
138-139	84.000.000.000	56.570.469.312	34.962.369.126	7.532.838.438
140	205.000.000	0	1.905.000.000	1.700.000.000
141	16.000.000	9.337.347	6.662.653	0
142	0	0		0
143	4.000.000	4.000.000		0
144	46.000.000	46.000.000		0
145	25.000.000	23.805.657		-1.194.343
146	85.000.000	186.953.365		101.953.365
147	48.000.000	0	48.000.000	0
148	20.000.000	0	20.000.000	0
149	1.117.000.000	2.921.441.316		1.804.441.316
150	0	1.243.249.030		1.243.249.030
151	360.000.000	156.091.561	203.908.439	0
152	110.000.000	0	110.000.000	0
153	6.400.000.000	6.402.307.391		2.307.391
154	6.000.000.000	6.198.244.076		198.244.076
155	481.000.000	499.565.858		18.565.858
156	440.000.000	745.280.993		305.280.993
157	1.000.000	0	1.000.000	0
158-162	795.000.000	1.322.767.724	0	527.767.724
163	0	0		0
164	5.000.000	5.000.000		0
165	13.000.000	13.000.000		0
166	1.000.000	1.423.532		423.532
167	67.000.000	0	67.000.000	0
168	21.000.000	0	21.000.000	0
169	0	0		0
170-172	157.000.000	173.435.386	0	16.435.386
173	28.000.000	5.048.177	22.951.823	0
174-179	3.194.000.000	3.371.074.958	0	177.074.958
180	2.368.000.000	2.444.500.000		76.500.000
181	17.000.000	14.607.123		-2.392.877
182	20.000.000	2.125.688	17.874.312	0
183	45.000.000	44.083.283		-916.717
184	0	8.031.042	0	8.031.042
185	0	467.495.728		467.495.728